Borgarráð

Reykjavík, 4. nóvember 2025
MSS24080034

Áframhaldandi samstarf við KLAK-Icelandic Startups um Hringiðu og Gulleggið

Lagt er til að borgarráð samþykki áframhaldandi samstarfssamning við KLAK-Icelandic Startups til næstu tveggja ára, þar sem Reykjavíkurborg leggur árlegt fjárframlag til viðskiptahraðals sem sérstaklega miðar að lausnum við samfélagslegum áskorunum, og til framkvæmdar frumkvöðlakeppninnar Gulleggsins. Árlegt fjárframlag verður sem áður 10 m.kr. vegna hraðalsins og 2,5 m.kr. vegna Gulleggsins en samningur er óbreyttur frá fyrri samningi. Kostnaður rúmast innan ramma og greiðist af kostnaðarstað 09510.

Greinargerð
Reykjavíkurborg hefur átt í samstarfi við KLAK-Icelandic Startups síðan 2021, með árlegum stuðningi við viðskiptahraðal sem hefur m.a. gengið undir heitinu Hringiða. Hringiðan hefur byggst á alþjóðlegri fyrirmynd og er ætlað að styðja við þróun nýrra hugmynda, tækni og lausna sem beinast að brýnum umhverfis- og loftslagsáskorunum.

Á árinu 2022 samþykkti borgarráð jafnframt að gerast bakhjarl Gulleggsins, stærstu frumkvöðlakeppni landsins, sem hefur þann tilgang að efla frumkvöðlastarfsemi á hugmyndastigi og veita nýjum þátttakendum aðgengi að tengslaneti, leiðsögn og ráðgjöf.

Með nýjum samningi sem nú liggur fyrir er lagt upp með áframhaldandi fjárhagslegan og faglegan stuðning við bæði verkefnin. Reykjavíkurborg fær jafnframt aðkomu að mótun áherslna viðskiptahraðalsins, skipar fulltrúa í stýrihóp hans, og fær tækifæri til að koma áskorunum sínum á framfæri við frumkvöðla og nýsköpunarsamfélagið, m.a. í gegnum Gulleggið. Samstarfið við KLAK styður við atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar 2022–2030, þar sem áhersla er lögð á að allar hugmyndir, hvort sem þær eru hagnaðardrifnar eða samfélagslega hvetjandi, eigi greiðan farveg til þróunar.

Nýsköpunarumhverfið í Reykjavík hefur styrkst á síðustu árum, ekki síst vegna starfsemi KLAK-Icelandic Startups. Með markvissri aðkomu að vistkerfi nýsköpunar getur borgin áfram stuðlað að frjóu umhverfi fyrir sprota og lausnir við samfélagslegum og loftslagslegum áskorunum – í samræmi við Græna planið og stefnu borgarinnar.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og KLAK-Icelandic Startups, ódags.
Ársreikningur
Gulleggið – samantekt
Hringiða – samantekt

Reykjavík

Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd samstarfsaðili og Klak Innovit kt. 440500-2690, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, hér eftir nefnt KLAK-Icelandic Startups, gera með sér eftirfarandi

Samstarfssamning

1. gr. Tilgangur og gildissvið

Markmið samningsins eru að efla frumkvöðlastarfsemi og veita samstarfsaðilanum tækifæri til að hafa áhrif á stefnu stuðningsverkefna við nýsköpun meðal annars með það fyrir augum að hvetja til nýrra lausna á áskorunum sem samstarfsaðili stendur frammi fyrir. Í þessu augnamiði mun samstarfsaðili styðja fjárhagslega við bakið á árlegum viðskiptahraðli á vegum KLAK-Icelandic Startups og Gulleggið frumkvöðlakeppni KLAK-Icelandic Startups.

2. gr. Samningsverkið

KLAK-Icelandic Startups skuldbindur sig til þess að framfylgja eftirfarandi:

2.1. Að tryggja ár hvert á gildistíma samnings þessa tilvist viðskiptahraðals sem stuðlar að því að finna lausnir sem borgarsamfélög standa frammi fyrir, hafa milligöngu um fullfjármögnun hraðalsins, annast markaðssetningu verkefnisins, útvega nauðsynlegt húsnæði, búnað og mannafla sem til þarf og annast skipulagningu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti eftir atvikum í samstarfi við einn eða fleiri samstarfsaðila.

2.2. Að samstarfsaðili fái tækifæri til að hafa áhrif á það hvaða hraðall verður haldinn á hverju ári í samstarfi við KLAK-Icelandic Startups og geti lagt fram tillögur um áherslur og framkvæmd þó endanleg ákvörðun um slíkt hvíli hjá KLAK-Icelandic Startups.

2.3. Að samstarfsaðili fái að skipa tvo fulltrúa í stýrihóp þess hraðals sem valinn er ár hvert.

2.4. Að samstarfsaðila muni gefast tækifæri til að taka þátt með KLAK-Icelandic Startups í því að halda viðburði fyrir háskólasamfélagið í Reykjavík vegna Gulleggsins.

2.5. Gefa samstarfsaðila tækifæri á að markaðssetja sínar áskoranir til verðandi þátttakenda Gulleggsins í gegnum fjölmenna viðburði sem haldnir eru í samstarfi við nýsköpunarnefndir háskólanna.

2.6. Hraðallinn verði markvisst kynntur fyrir opinberum aðilum og atvinnulífinu í Reykjavík, með hvatningu um að veita starfsfólki sem vinnur að nýskapandi lausnum í umhverfis-og loftslagsmálum svigrúm til þátttöku.

3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samningurinn gildir í 2 ár frá (DAGS) til (DAGS) og tekur við af fyrri samningi Reykjavíkurborgar og KLAK-Icelandic Startups.

Samstarfsaðili skuldbindur sig til þess að framfylgja eftirfarandi:

3.1. Að leggja fram eftirfarandi árlegt stuðningsframlag til KLAK-Icelandic Startups:

10.000.000,- krónur árlega vegna framkvæmdar á viðskiptahraðli

2.500.000,- krónur vegna Gulleggsins frumkvöðlakeppni.

3.2. Fjárhæð framlaga skv. framangreindu skulu árlega taka breytingum skv. þróun vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í (DAGS).

3.3. Framlag samstarfsaðila skal greiðast í fjórum greiðslum yfir samningstímann;

15. janúar 2026	2.500.000 kr
15. júlí 2026	10.000.000 kr
15. janúar 2027	2.500.000 kr
15. júlí 2027	10.000.000 kr

Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Klak Innovit, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri.

4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri KLAK-Icelandic Startup sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári sem samningur þessi gildir skulu KLAK-Icelandic Startups skila samstarfsaðila árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags samstarfsaðila. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí ár hvert.

DRÖG

KLAK-Icelandic Startups skulu halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af samstarfsaðila. KLAK-Icelandic Startups skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þær njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

Allt markaðs- og kynningarefni sem unnið er í tengslum við hraðalinn, ljósmyndir, upptökur o.þ.h. er sameiginleg eign KLAK-Icelandic Starups og samstarfsaðila.

6. gr. Trúnaðarupplýsingar

Allar upplýsingar, jafn munnlegar sem skriflegar, sem samningsaðilar kunna að hljóta vitneskju um og varða viðskiptahagsmuni KLAK-Icelandic Startups, fyrirtækja sem nýta sér aðstöðu KLAK-Icelandic Startups, viðskiptahugmyndir, viðskiptaáætlanir og ágrip sem send eru inn til þátttöku í Frumkvöðlakeppni KLAK-Icelandic Startups eða eru að öðru leyti tengd KLAK-Icelandic Startups, skilgreinast sem trúnaðarupplýsingar. Litið er á allar upplýsingar sem önnur fyrirtæki, viðskiptahugmyndir og verkefni sem á einhvern hátt eru tengd KLAK-Icelandic Startups sem trúnaðarupplýsingar, hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, munnlegar upplýsingar, samskipti á fundum og öllu öðrum sem samningsaðilar kunna að verða vitni að og geta varðað viðskiptahagsmuni annarra.

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskylda gildir áfram eftir samningslok. Samningsaðilar og fulltrúar þeirra skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og borgarstjórnar og eru fjárveitingar Reykjavíkurborgar eftir fyrsta ár samningsins með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það.

Samningsaðili áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu KLAK-Icelandic Startups. Telji annar aðilanna sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Geti KLAK-Icelandic Startups ekki uppfyllt þau atriði sem nefnd eru í málsgreinum 2.1. - 2.5 skulu samtarfsaðili og KLAK-Icelandic Startups leita leiða til að finna ásættanlega lausn á því máli. Ef fjárframlag frá samningsaðila er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur

samningsaðili sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

8. gr. Framsal

KLAK-Icelandic Startups er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist.

Reykjavík [DAGS.] 2025

_____	_____
F.h. KLAK-Icelandic Startups	F.h. Reykjavíkurborgar
Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri	[Undirritun borgarstjóra]

Vitundarvottar:

_____	_____
[Nafn og kennitala vottar]	[Nafn og kennitala vottar]

DRÖG

KLAK INNOVIT ehf.

Ársreikningur 2024

KLAK INNOVIT ehf.
Bjargargötu 1
102 Reykjavík

Kt. 440500-2690

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Sundurliðanir	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi. Í því felst m.a. fjármögnun og rekstur hraðla og annarra viðburða og almennur stuðningur við háskólanemendur og aðra frumkvöðla í sem víðustum skilningi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Rekstur ársins 2024

Á árinu 2024 rak KLAK-Icelandic Startups sjö viðskiptahraðla og vinnustofur. Í heild tóku 110 teymi í þátt í verkefnum félagsins á árinu sem er 41% aukning frá árinu 2023. Í heild nutu 860 frumkvöðlar þjónustu KLAK en um 57% þátttakenda voru karlar og 43% konur. KLAK hélt hátt í 50 opna viðburði í Grósku og víðar og voru gestir á viðburðum félagsins yfir 4000 manns. Félagið bauð einnig upp á 72 opna viðtalstíma fyrir frumkvöðla og hafa þeir verið mjög eftirsóttir.

Árið hófst helgina 5-6. janúar með Þráðaþoni, lausnamóti gegn textílsóun, þar sem samstarfsaðilar lýstu áskorunum sínum varðandi textílúrgang og um 50 frumkvöðlar komu með hugmyndir að lausnum.

Gulleggið var haldið í 17. sinn þann 9. febrúar og í kjölfarið tók Hringiða við. Hraðallinn Hringiða var haldinn í fjórða sinn á þessu ári og lauk með fjárfestadegi þann 2. maí. Ákveðið var að halda hraðalinn í þetta sinn fyrir sprotafyrirtæki á fyrstu stigum.

Mentoranámskeið MIT-VMS var haldið í ágúst og eru nú 180 vottaðir mentorar starfandi hjá KLAK. Ýmsar nýjungar voru innleiddar í KLAK-VMS á árinu eins og skrifstofutímar (“office hours”) fyrir frumkvöðla, aukin fræðsla og viðburðir fyrir mentora og val á mentor ársins.

Í ágúst tóku tíu teymi þátt í Startup Supernova hraðlinum sem haldinn var í fimmta sinn. Í september var viku hlé á hraðlinum og fóru starfsmenn KLAK til Kaupmannahafnar til að taka þátt í TechBBQ sprotaráðstefnunni. KLAK hélt viðburð sem kallaðist Supernova’s of Tomorrow þar sem fjögur núverandi og sex fyrrverandi Supernova teymi kynntu hugmyndir sínar. Fjárfestadagur Startup Supernova var síðan haldinn 20. september.

Startup Tourism hraðallinn var endurvakinn á árinu og var haldinn í nóvember, en níu teymi fengu sæti í hraðlinum. KLAK teymið fór í hringferð um landið í október til þess að kynna Startup Tourism og Gulleggið og kom við á 11 stöðum.

Dafna verkefnið hélt áfram að stækka og blómstra en KLAK hélt Dafna 6 og Dafna 7 vinnustofur á árinu fyrir styrkþega Tækniþróunarsjóðs og sló þátttaka öll fyrri met.

Tvö íslensk teymi voru valin í TINC hraðalinn í Kísildal sem er samstarfsverkefni Innovation Norway, Vinnova, Business Finland og KLAK.

Í desember var haldinn viðburður til að kynna nýjan verðlaunagrip Gulleggsins og var öllum starfandi vinningshöfum Gulleggsins frá 2008 afhentur nýji gripurinn.

KLAK var áberandi í fjölmiðlum á árinu og var fjallað alls 67 sinnum um félagið og verkefni þess í hinum ýmsu miðlum.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Á árinu 2024 nam hagnaður af rekstri félagsins 22,5 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 107,6 millj. kr. að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 20,4 millj. kr. Ársverk á árinu voru 7,3.

Félagið átti eigin bréf að nafnverði 3,6 millj. kr. í árslok 2024.

Hluthafar í árslok voru fimm líkt og í ársbyrjun. Í árslok 2024 var hlutafé í eigu eftirtalinna aðila:

	Eignarhluti
Origo hf.	29,46%
Háskólinn í Reykjavík	20,95%
Háskóli Íslands	20,72%
Nýsköpunarsjóður	18,73%
Samtök iðnaðarins	10,14%

Ekki er gerð tillaga til arðgreiðslu þar sem félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni og ekki heimild fyrir arðgreiðslu úr félaginu samkvæmt samþykktum þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri KLAK INNOVIT ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 8. apríl 2025.

Stjórn:

Sigríður Mogensen

Hrafntinna Viktoría Karlsdóttir

Hrönn Greipsdóttir

Dröfn Guðmundsdóttir

Oddur Sturluson

Framkvæmdastjóri:

Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í KLAK INNOVIT ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings KLAK INNOVIT ehf. fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðiþekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 8. apríl 2025.

KPMG ehf.

Jón Arnar Óskarsson

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		50.609.677	42.912.400
Styrkir og aðrar tekjur	6	135.536.182	113.078.962
		186.145.859	155.991.362
Rekstrargjöld			
Endurúthlutun styrkja til samstarfsaðila		3.624.839	0
Laun og launatengd gjöld	7	99.327.957	87.548.870
Annar rekstrarkostnaður		68.884.576	57.143.407
		171.837.372	144.692.277
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		14.308.487	11.299.085
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		8.153.256	3.902.663
Vaxtagjöld		(86.808)	(39.797)
Gengismunur		158.268	(1.712.873)
		8.224.716	2.149.993
Hagnaður ársins	9	22.533.203	13.449.078

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Viðskiptakröfur		305.350	6.237.941
Handbært fé		123.193.776	91.586.692
Veltufjármunir		123.499.126	97.824.633
Eignir samtals		123.499.126	97.824.633
Eigið fé			
Hlutafé	8	20.370.000	20.370.000
Óráðstafað eigið fé		87.205.602	64.672.399
Eigið fé	9	107.575.602	85.042.399
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		2.803.354	2.369.220
Aðrar skammtímaskuldir		13.120.170	10.413.014
Skammtímaskuldir		15.923.524	12.782.234
Skuldir samtals		15.923.524	12.782.234
Eigið fé og skuldir samtals		123.499.126	97.824.633

Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	9	22.533.203	13.449.078
Veltufé frá rekstri		22.533.203	13.449.078
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		5.932.591	(2.297.520)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		3.141.290	(138.603)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		9.073.881	(2.436.123)
Handbært fé frá rekstri		31.607.084	11.012.955
Hækkun á handbæru fé		31.607.084	11.012.955
Handbært fé í ársbyrjun		91.586.692	80.573.737
Handbært fé í árslok		123.193.776	91.586.692

Skýringar

1. Félagið

KLAK INNOVIT ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Bjargargötu 1 í Reykjavík. Starfsemi félagsins felst í að reka nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi á Íslandi.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. [að öðru leyti en því að eignarhlutir í skráðum félögum eru færðir á gangvirði, þ.e. á skráðu markaðsverði í árslok]. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Innlausn tekna

Tekjur af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörunni verði mögulega skilað.

5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

6. Styrkir og aðrar tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:	2024	2023
Styrkir	135.536.182	113.078.962
Styrkir og aðrar tekjur samtals	135.536.182	113.078.962

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	79.396.334	68.720.525
Lífeyrissjóður	11.000.885	9.613.903
Tryggingagjald	5.739.064	4.974.249
Áunnið orlof, breyting	1.461.939	2.799.109
Önnur launatengd gjöld	1.729.735	1.441.084
Laun og launatengd gjöld samtals	99.327.957	87.548.870
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	7,3	6,5

8. Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 20,4 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Í árslok átti félagið eigin bréf að nafnvirði 3,6 millj. kr. líkt og í upphafi árs. Við kaup á eigin hlutabréfum er kaupverðið, að meðtöldum kostnaði sem tengist kaupunum, fært til lækkunar á eigin fé. Ef eigin bréf eru seld færist salan til hækkunar á eigin fé. Hvorki er færður söluhagnaður né sölutap í rekstrarreikning við sölu eigin bréfa.

9. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	20.370.000	51.223.321	71.593.321
Hagnaður ársins		13.449.078	13.449.078
Eigið fé 31.12.2023	20.370.000	64.672.399	85.042.399
Hagnaður ársins		22.533.203	22.533.203
Eigið fé 31.12.2024	20.370.000	87.205.602	107.575.602

10. Skattamál

Félagið mun ekki greiða tekjuskatt á árinu 2025 þar sem félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni og því undanþegið tekjuskatti.

Sundurliðanir

	2024	2023
Annar rekstrarkostnaður		
Markaðskostnaður	9.143.448	13.146.621
Viðburðakostnaður	22.441.711	16.872.565
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	29.561.095	22.469.125
Ferða- og ráðstefnukostnaður	5.508.544	4.550.107
Styrkveitingar + þátttaka samstarfsaðila	1.933.080	0
Annar kostnaður	296.698	104.989
	68.884.576	57.143.407

KLAK Icelandic Startups

GULLEGGIÐ 2025

LOKASAMANTEKT



KLAK Icelandic Startups

FERLIÐ



KLAK Icelandic Startups

FYRIRKOMULAG

KEPPNIN

Gulleggið er stærsta frumkvöðlakeppnin á Íslandi og er í umsjá KLAK - Icelandic Startups. Keppnin var haldin í 18. skipti í ár. Lögð er rík áhersla á fjölbreytni verkefna og er keppnin ætluð hugmyndum á frumstigi. Keppendur mega ekki hafa tekið inn fjármagn umfram tvær milljónir króna eða byrjað að hafa tekjur af hugmyndinni.

MARKMIÐ

Markmið keppninnar er að stækka frumkvöðlaumhverfið á Íslandi og auka þekkingu á nýsköpun. Þátttaka í Gullegginu á að gera þeim sem hafa áhuga á að verða frumkvöðlar kleift að taka sín fyrstu skref. Með hjálp reyndra frumkvöðla og sérfræðinga úr atvinnulífinu viljum við greiða leið þeirra sem vilja starfa í senunni og láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Gulleggið er því í raun fyrsta skrefið til þess að fóta sig í frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi.

STERK STOÐ

Þau fyrirtæki sem standa á bak við KLAK - Icelandic startups eru Nýsköpunarsjóðurinn Kría, Samtök iðnaðarins, Origo, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands. Fulltrúar þessara fyrirtækja koma öll með einum eða öðrum hætti að framkvæmd keppninnar og eru sterk stoð við framkvæmdarteymi KLAK.

Samtök iðnaðarins · .origo. · Háskólinn í Reykjavík Reykjavik University · Nýsköpunarsjóðurinn Kría · Háskóli Íslands

KLAK Icelandic Startups

GULLEGGIÐ 2025

124 HUGMYNDIR

Í ár voru 124 hugmyndir skráðar í Masterclass og 19 einstaklingar skráðu sig án hugmyndar.

214 EINSTAKLINGAR

Á bakvið 143 skráningar sem bárust í ár voru 214 einstaklingar.

61 PITCH DECK

Af þeim 124 hugmyndum sem skráðar voru í Masterclass í ár skiluðu 61 teymi inn 10 glæru kynningu og 1 mínútna myndbandi.

911 MANNS FYLGDUST MEÐ VIÐBURÐUM Í STREYMI

Hægt var að fylgjast með Masterclass og Lokakeppni Gulleggsins 2025 í beinu streymi á vefnum. Lokadagur Gulleggsins var í beinu streymi á Vísir.is. Samtals fylgdust 911 einstaklingar með viðburðum Gulleggsins í streymi.

YFIR 1800 HÁSKÓLANEMAR

Haldnar voru tvær vísindaferðir í Grósku. Yfir 900 háskólanemar mættu í hvort skiptið.

Um 60 manns mættu á kynningarviðburðinn á Akureyri og 50 manns mættu á kynningarviðburð í Grósku.

1678 TÓKU ÞÁTT Í RAFRÆNNI KOSNINGU

Almenningi gafst kostur á að kjósa sitt uppáhalds teymi í aðdraganda keppninnar. Keppendur fengu tækifæri til þess að deila kosningunni og hvetja vini og vandamenn til þess að kjósa. Sigurteymið var tilkynnt samhliða úrslitum keppninnar.
1678 manns tóku þátt í kosningunni.

NÝJUNGAR 2025



Stærsta breytingin var tvöföldun verðlaunafjár frá Landsbankanum

Í ár héldum við í fyrsta sinn Hugmyndahraðhlaup Gulleggsins fyrstu helgina í janúar sem var opið fyrir alla háskólanema.

Í vísindaferðunum í Grósku breyttum við fyrirkomulaginu og nýttum einnig kjallarann og 2. hæðina. Vísindaferðirnar voru því haldnar á 3 hæðum. Bakhjarlar fengu meira pláss fyrir sína bása og háskólanemar fengu meira pláss til þess að skemmta sér og kynna sér Grósku betur. Meðal annars var opinn bar í Gróðurhúsinu á 2.hæð og bar inni í lyftunni.

Nýr verðlaunagripur fyrir sigurvegara Gulleggsins var hannaður og framleiddur af Héðni, sem er bakhjarl Gulleggsins. Einnig var haldinn Gulleggsfögnuður, þar sem allir fyrrum sigurvegarar Gulleggsins sem enn eru starfandi voru heiðraðir með nýja verðlaunagripnum.

Nýr samningur við JA Iceland - Eitt háskólateymi sem keppir í Lokakeppni Gulleggsins valið til þess að taka þátt í stærstu nýsköpunarkeppni í Evrópu, Gen-E.

Gulleggið var kynnt á 11 stöðum um land allt í hringferð KLAK. Kynningarbás fyrir Gulleggið var sett upp í Háskólanum á Akureyri og Masterclass Gulleggsins á Akureyri var haldinn hjá Drift - nýrri miðstöð frumkvöðla og nýsköpunar.

Kynningarefni/grafík var send á fyrirlesara Masterclass til dreifingar. Fyrirlesarar kynntu sitt erindi á Masterclass Gulleggsins á sínum miðlum við góðar undirtektir.

Hvatakerfi fyrir háskólanemendur - boðið var upp á að setja hugmynd í Gulleggskassann og svo var dregið úr hugmyndum og verðlaun í boði frá CCEP.

Rafræn kosning fyrir vinsælasta teymið var opnuð í vikunni fyrir keppni- teymin kepptust við að kynna á samfélagsmiðlum og hvetja sitt fólk til þess að kjósa. Yfir +1300 fleiri tóku þátt í kosningunni í ár.

LANDSBANKINN TVÖFALDAÐI VERÐLAUNAFÉÐ FRÁ FYRRI ÁRUM FYRIR GULLEGGIÐ 2025!



Fyrsta sæti 2.000.000 kr.



Annað sæti 1.000.000 kr.



Þriðja sæti 500.000 kr.



SIGURTEYMIÐ SAMVÍS FÉKK SÆTI Í TOPP 10 GULLEGGSINS OG ENDAÐI Í 3. SÆTI!

HUGMYNDAHRAÐHLAUP GULLEGGSINS 2025

Fyrsta Hugmyndahraðhlaup Gulleggsins fór fram helgina 4. og 5. janúar 2025 í Grósku og var skipulagt af KLAK-Icelandic Startups með stuðningi frá ELKO, Háskóla Íslands, Össuri, Orkusölunni, Reykjavíkurborg og 50skills.

Lausnamótið var opið öllum háskólanemum á Íslandi og komu þátttakendur úr ólíkum greinum til að takast á við áskoranir sem tengdust raunverulegum vandamálum í atvinnulífinu. Alls skráðu 36 einstaklingar sig til þátttöku og af þeim mættu 17 á viðburðinn.

Fulltrúar fyrirtækjanna sem tóku þátt kynntu helstu áskoranir sem þau glíma við og hvaða lausnum þau væru að leita eftir. Í framhaldinu veittu sérfræðingar frá KLAK þátttakendum leiðsögn og kynntu verkfæri sem nýtast við þróun og framsetningu nýsköpunarhugmynda.

Eftir mikla hugmyndavinnu og undirbúning á Pitch Deck voru að lokum fimm teymi sem kynntu lausnir sínar fyrir dómnefnd og öðrum þátttakendum. Teymin völdu öll mismunandi áskorun og urðu úr því mjög skemmtilegar og frumlegar lausnir. Hugmyndahraðhlaupið skapaði einstakt tækifæri fyrir upprennandi frumkvöðla og fyrirtæki til að vinna saman að nýstárlegum lausnum sem stuðla að jákvæðum breytingum fyrir fyrirtækin og í samfélaginu.

5 háskólateymi tóku þátt og kynntu sínar viðskiptahugmyndir





























VÍSINDAFERÐIR & GÖNGUGATA BAKHJARLA

Haldnar voru tvær vísindaferðir í Grósku þar sem markmiðið var að kynna Gulleggið og nýsköpun fyrir háskólanemum. Yfir 900 manns mættu í hvort skiptið, fleiri en nokkru sinni fyrr.

Í fyrsta skipti voru vísindaferðirnar haldnar á 3 hæðum í Grósku sem vakti mikla lukku. Fulltrúar bakhjarla tóku virkan þátt í viðburðunum sem hófust á erindum þeirra tengdum nýsköpun.

Nemendur gátu svo rölt á milli bakhjarla á göngugötunni og kynnt sér ólíka og fjölbreytta starfsemi þeirra. CCEP var með opinn bar á tveimur hæðum til háskólanemum mikillar gleði. Nussun, Húgó og ClubDub komu fram í vísindaferðunum.

Frumkvöðla- og nýsköpunarnefndir HR og HÍ skipulögðu viðburðina í samstarfi við framkvæmdarteymi KLAK.

Þátttaka bakhjarla Vísó 1	Þátttaka bakhjarla Vísó 2	Háskólanemar
+12	+15	1800


KLAK Icelandic Startups
.Or!ao.
KLAK
Bjargarg
I ♥ NUSSUN







NÝR VERÐLAUNAGRIPUR!

Í ár kynntum við með stolti nýjan verðlaunagrip fyrir sigurvegara Gulleggsins.

Við fengum Héðinn, einn af bakhjörlum keppninnar, til þess að hanna og framleiða nýjan verðlaunagrip fyrir Gulleggið. Gripurinn er glæsilegur og hefur vakið mikla lukku.

Verðlaunagripurinn verður framvegis veittur bæði sigurvegurum Gulleggsins og handhöfum heiðursverðlauna Gulleggsins árlega á Úrslitakeppni Gulleggsins.

Til þess að kynna nýja verðlaunagripinn var haldinn opinn viðburður, þar sem við buðum öllum starfandi fyrrum sigurvegurum Gulleggsins að koma og taka á móti sínu eintaki. Fyrstu heiðursverðlaun Gulleggsins voru einnig veitt á þessum viðburði, Valur Þór Gunnarsson tók á móti þeim fyrir hönd Taktikal.

Við þökkum Héðni kærlega fyrir nýja verðlaunagripinn!

KLAK Icelandic Startups

Nýtt samstarf Gulleggsins og Ungra Frumkvöðla - JA Iceland





Nýtt samstarf hófst á milli JA Iceland og Gulleggsins í ár.

JA Iceland verðlaunar eitt af þeim háskólateymum sem keppa í Lokakeppni Gulleggsins með einstöku tækifæri til þess að taka þátt í stærstu nýsköpunarkeppni í Evrópu, Gen-E.
Allur kostnaður við ferðina er greiddur af JA Iceland.

JA (Junior Achievement) eru alþjóðleg, frjáls félagasamtök sem starfa í 123 löndum. Markmið JA er að undirbúa ungt fólk fyrir framtíðina og auka færni þeirra til atvinnuþátttöku og atvinnusköpunar.

Teymið SAMVÍS var valið í ár og fær að keppa í stærstu nýsköpunarkeppni í Evrópu, Gen-E, í Aþenu í sumar

Ný tækifæri fyrir háskólanema!









KYNNINGARVIÐBURÐIR OG HRINGFERÐ UM LANDIÐ

Farið var í kynningarferð um landið til að kynna starfsemi KLAK með sérstaka áherslu á Gulleggið og viðskiptahraðalinn Startup Tourism.

Ferðin stóð yfir frá 26. september til 8. október 2024 og var Gulleggið kynnt á 11 stöðum um land allt. Verkefnastjórar KLAK, Kolfinna Kristínardóttir og Jenna Björk Guðmundsdóttir stóðu fyrir kynningarviðburðunum.

Þann 2. október var haldinn stór kynningarviðburður fyrir Gulleggið á Akureyri, þar sem bakhjarlar tóku einnig þátt.

Þann 10. janúar 2025 var haldinn opinn Gulleggs-kynningarviðburður í Grósku fyrir “Öll og ömmu þeirra” þar sem mættu um 50 manns.



MASTERCLASS GULLEGGSINS

Stand up welcome & Matchmaking

Masterclassinn í ár hófst á föstudegi þar sem fyrirkomulag helgarinnar var kynnt og þátttakendur voru hvattir til þess að tengjast. Íris Líf frá Thorexa, sem lenti í þriðja sæti í fyrra, sagði frá vegferð fyrirtækisins og gaf þátttakendum góð ráð.

Vigdís Hafliða stýrði viðburðinum og sá til þess að góð stemning myndaðist hjá hópnum fyrir helginni.

Masterclassinn var vel sóttur, en um 80 manns voru í salnum og um 300 aðrir fylgdust með í streymi.

Í lok Masterclass á sunnudeginum voru þátttakendur hvattir til þess að stíga á svið óundirbúnir og segja frá hugmynd sinni á 1 mínútu. Fjöldinn allur af upprennandi frumkvöðlum nýttu sér tækifærið sem myndaði skemmtilega og góða stemningu í lok helgarinnar.

Gestir í sal	Streymi	Fyrirlesarar	Skráðir	Án hugmyndar	Hugmyndir
+80	+299	+14	+214	+19	+124























MASTERCLASS GULLEGGSINS

25. - 26. janúar í Grósku

Masterclass Gulleggsins fór fram 25. - 26. janúar í Grósku og var opinn öllum. Til þess að taka þátt þurfti einungis að skrá sig og ekki var nauðsynlegt að vera með hugmynd.

Masterclassinn byggðist upp á fyrirlestrum og vinnustofum reyndra einstaklinga úr atvinnulífinu og frumkvöðlaumhverfinu. Hægt var að fylgjast með í beinu streymi alla helgina og var fulltrúi frá KLAK á Akureyri og studdi við þá þátttakendur sem komu saman og fylgdust með streyminu þar.

Markmiðið var að kenna þátttakendum að umbreyta hugmynd í viðskiptatækifæri og hvetja alla til þess að taka fyrsta skrefið. Eftir Masterclass áttu þátttakendur að geta útbúið 10 glæru kynningu auk einnar mínútu lyftukynningar utan um hugmynd sem hægt var að skila inn og eiga þess kost að komast í topp 10.


KLAK
Icelandic
Startups
THE ONLY LIVE
LAVA SHOW
IN THE WORLD
AF HVERJU SKIPTIR ÞAÐ
SVONA MIKLU MÁLI AÐ
ÞEKKJA VIÐSKIPTAVININN?
Hver er mín hugmynd
Hvaða vandamál erum við að leysa?
Fyrir hvern er okkar lausn?
Hver er kjarninn í okkar lausn?
Hvernig ætlum við að framkvæma þetta?
KLAK
Sófaspjall Masterclass Gulleggsins
Fjármögnun sprotafyrirtækja
GULLEGGIÐ



UMSÓKNIR Í ÚRSLITAKEPPNI GULLEGGSINS

Eftir að Masterclass lauk höfðu þátttakendur fjóra daga til þess að skila inn umsókn í sjálfa keppnina. Þátttakendum stóð til boða að nýta aðstöðuna í Grósku þar sem KLAK teymið var til staðar og veitti leiðsögn eftir þörfum.
Í ár barst 61 umsókn í Gulleggið en á bakvið þessa 61 umsókn voru 109 einstaklingar.

109 einstaklingar - 61 Pitch deck



Kynjahlutfall



Hefur þú áður komið að stofnun fyrirtækis?



Ert þú í virku háskólanámi í dag?

KLAK Icelandic Startups

SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Umsóknir í úrslitakeppni

2025

109 einstaklingar - 61 Pitch deck



Kynjahlutfall



Hefur þú áður komið að stofnun fyrirtækis?



Ert þú í virku háskólanámi í dag?

2024

140 einstaklingar - 67 Pitch deck



Kynjahlutfall



Hefur þú áður komið að stofnun fyrirtækis?



Hefur þú stundað háskólanám síðastliðin 5 ár?

KLAK Icelandic Startups

UMSÓKNIR Í ÚRSLITAKEPPNI GULLEGGSINS



Ert þú í virku háskólanámi í dag? Ef já við hvaða skóla?



Aldursdreifing þeirra sem skiluðu inn pitch deck

109 einstaklingar - 61 Pitch deck

KLAK Icelandic Startups

PITCH DECK / UMSÓKNIR



61 pitch deck - Atvinnugreinaflokkun

109 einstaklingar - 61 Pitch deck

KLAK Icelandic Startups

SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Pitch deck/ umsóknir



KLAK Icelandic Startups

TOPP 10



Kynjahlutfall

Fyrirlestrar	Teymi með skráða háskólanema	Rýnihópur
+7	+6 teymi	+67

Rýnihópur Gulleggsins í ár var skipaður af 67 einstaklingum úr bakhjarla- og eigendahópi keppninnar sem og af reyndum einstaklingum úr frumkvöðlasenunni. Hver umsókn var lesin að minnsta kosti 5 sinnum og henni gefin einkunn.

Topp 10 teymin sem komust áfram tóku þátt í tveggja daga vinnusmiðju byggða á frekari mótun hugmyndanna. Þátttakendur fengu framkomu- og pitch þjálfun hjá Maríu Ellingsen. Landsbankinn tók á móti teymunum á hádegisviðburði þar sem þau fluttu einnar mínútu kynningu fyrir starfsfólk bankans og í kjölfarið svöruðu spurningum. Haldinn var Shark Tank hjá KPMG þar sem dómnefnd kom saman og gaf teymunum endurgjöf sem endaði á skemmtilegu hópefli fyrir teymin. Við fengum Improv Ísland til þess að hrista teymin saman.

Kynjahlutfall þeirra sem komust áfram í topp 10 í ár var nokkuð jafnt, 15 karlar og 13 konur.
Meðlimir úr 6 af 10 teymum eru í virku háskólanámi, við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Akureyri.



KLAK Icelandic Startups

KRÍTERÍUR - RÝNIHÓPUR

- Hversu stórt er vandamálið og hversu vel leysir hugmyndin það? (20%)
- Nýnæmi hugmyndar (10%)
- Skalanleiki hugmyndar (15%) - Hversu auðvelt er að útfæra þessa hugmynd á stærri markaði?
- Teymið (20%) - Er þetta sterkt teymi sem er líklegt til þess að koma hugmyndinni í framkvæmd?
- Viðskiptamódelið (15%) - Er tekjumódel og tímalína raunhæf?
- Útfærsla pitch decks (10%) - Er pitch deck vel unnið og skýrt - komast allar upplýsingar til skila?
- Útfærsla lyftukynningar (10%)- Er hugmynd komið skýrt á framfæri í myndbandi?
- Á þessi hugmynd heima í Topp 10?

KRÍTERÍUR - LOKAKEPPNI

- Vandamálið - Hversu stórt er vandamálið og hversu vel leysir lausnin þetta ákveðna vandamál? (25%)
- Raunhæfni - Er hugmyndin raunhæf og hefur þú trú á að þetta teymi geti framkvæmt hana? (25%)
- Markaður og skalanleiki - Hversu stórt er markaðurinn fyrir lausnina, er lausnin skalanleg og hversu sterkt er samkeppnisforskotið? (20%)
- Áhrif - Hefur lausnin samfélagsleg eða fjárhagsleg áhrif? Er hún að leysa mikilvægar áskoranir og/eða skapa virði? (15%)
- Kynning - Er kynningin og framsetning hennar skýr, sannfærandi og grípandi? (15%)

KLAK Icelandic Startups

TOPP 10 TEYMIN



COLIVA

Coliva er kollagen gel sem er þurrkað og sett í munnpúða.



HUDDLEHOP

HuddleHop makes travel in Iceland smarter, cheaper, and greener.



HVAÐ NÚ?

Hvað nú? einfaldar syrgjendum úrlausn hinna fjölmörgu verkefna sem fylgja andláti ástvinar með því að veita upplýsingar, ráðgjöf og aðstoð í ferlinu sem tekur við.



PILOT BLOKS

Pilot bloks er stýrikerfi fyrir gatnalýsingu byggt á opnum hugbúnaði.



PLANDA

Planda er byltingarkenndur samfélagsmiðill; minni skjátími -fleiri gæðastundir.



SAGAREG

Markmið Saga Reg er að einfalda lyfjaskráningar.



SAMFAM

SamFam er fyrsta val foreldra þegar þau leita að ráðum eða upplýsingum.



SAMVÍS

SamVís er framtíð vísindalegrar gagnasöfnunar, þar sem hefðbundnar leitarvélar kveðja bransann og víkja fyrir öflugri gervigreindarlausn sem finnur, greinir og tengir þekkingu á áður óþekktan hátt.



VITALSYNC

Markmið VitalSync er að lengja sjálfstæða búsetu aldraða.



VITI

Viti er leikjaforrit sem hjálpar notendum að fylgjast með hugrænni heilsu í gegnum skemmtilega og örvandi leiki.



ÚRSLITAKEPPNIN

Gulleggið fór fram þann 14. febrúar í hátíðarsal Grósku og í beinu streymi á visir.is.

Vigdís Hafliðadóttir var kynnir keppninnar og í panel voru þau Eyþór Máni Steinarsson, stofnandi Hopp og Ragnheiður H. Magnúsdóttir, englafjárfestir og stofnandi Nordic Ignite.

Topp 10 teymin fluttu kynningarnar sínar með glæsibrag fyrir fullum sal en um 250 gestir mættu á keppnina í ár.

Eftir að kynningum lauk var farið yfir niðurstöður dómnefndar á meðan Vigdís Hafliða skemmti gestum. Rafrænni kosningu lauk einnig í hléi og voru sigurvegarar hennar tilkynntir strax að hléi loknu áður en sjálf úrslitin voru tilkynnt.

Gestir	Streymi	Kosning	Keppendur
+250	+612	+1678	+28

KLAK Icelandic Startups

ÚRSLITAKEPPNIN













KLAK Icelandic Startups

VERÐLAUN

Fyrstu þrjú sætin



Að venju var það Landsbankinn sem veitti fyrstu þremur sætunum vegleg peningaverðlaun.

1.	Sagareg	2.000.000
2.	Hvað nú?	1.000.000
3.	Samvís	500.000

Aukaverðlaun bakhjarla



Í ár voru fjögur fyrirtæki úr bakhjarlahópi Gulleggsins sem veittu aukaverðlaun. Það var alfarið í höndum hvers og eins fyrirtækis að velja það teymi sem það vildi veita verðlaunin.

KPMG	HVAÐ NÚ?	20 tíma ráðgjöf
GRÓSKA	PILOT BLOKS	Aðstaða í Gróðurhúsinu í 3 mánuði
JA ICELAND	SAMVÍS	Frumkvöðlakeppni í Aþenu
CCEP	PLANDA	Markaðsráðgjöf (vinsælasta teymið)
HEIÐURSVERÐLAUN	MENIGA	

Vinsælasta teymið



Almenningi gafst kostur á að velja sitt uppáhalds teymi í rafrænni kosningu í vikunni fyrir keppnina.
Teymið Planda hlaut flest atkvæði og var valið vinsælasta teymið.



KLAK Icelandic Startups

DÓMNEFND

Dómnefnd Gulleggsins í ár var skipuð 15 einstaklingum úr bakhjarla- og eigendahópi Gulleggsins. Fulltrúum dómnefndar gafst kostur á að taka þátt í Shark Tank sem haldinn var þremur dögum fyrir keppni hjá KPMG og gafst þar tækifæri til þess að heyra teymin kynna og spyrja spurninga áður en lokakeppnin sjálf fór fram.

Við dómnefndarstörf var notast við Innovote kosningakerfið og dómnefnd gaf teymum einkunn eftir fimm kríteríum. Við lok kynninga fór dómnefnd afsíðis og fór yfir niðurstöður kosningar áður en úrslit voru tilkynnt.

Shark Tank	Dómnefnd
+13	+15

KLAK Icelandic Startups

HEIÐURSVERÐLAUN GULLEGGSINS

Í ár voru Heiðursverðlaun Gulleggsins í fyrsta skipti veitt á Úrslitakeppni Gulleggsins.

Framvegis verður á hverju ári valið eitt fyrirtæki sem hefur keppt um Gulleggið, ekki hlotið fyrsta sæti en náð eftirtektarverðum árangri í kjölfar keppninnar. Fyrirtækið verður síðan heiðrað með þessum verðlaunum á Úrslitakeppni Gulleggsins.

Heiðursverðlun Gulleggsins 2025 fékk fyrirtækið Meniga

Meniga tók þátt í Gullegginu árið 2009, var meðal topp 10 en hlaut ekki verðlaunasæti. Síðan þá hafa þau náð miklum árangri og fest sig í sessi sem leiðandi fyrirtæki á sínu sviði.

Sigríður Mogensen, stjórnarformaður KLAK veitti viðurkenninguna og sagði nokkur orð um þessi nýju verðlaun.

Ásgeir Ö. Ásgeirsson, Viggó Ásgeirsson og Georg Lúðvíksson stofnendur Meniga tóku við heiðursverðlaunum og ávörpuðu viðstadda.







KLAK Icelandic Startups

VERKEFNASTJÓRN

Verkefnastjórn Gulleggsins í ár var skipuð 14 háskólanemum úr HÍ og HR. Hlutverk nefndarinnar snýr að mestu leyti að vísindaferðunum og hugmyndahraðhlaupinu. Nefndin sá um að skipuleggja viðburðina í samvinnu við KLAK og var öflug þegar kom að því að kynna keppnina innan háskólanna í gegnum nemendafélög, samfélagsmiðla og fleira. Frumkvöðla – og nýsköpunarnefndirnar koma einnig að framkvæmd viðburðanna og voru mikilvægur stuðningur við KLAK teymið.

FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARNEFND

HÍ
Hannes Lúðvíksson
Gunnar Snær Mogensen
Haraldur Bergvinsson
Muhammad Muzammil Mustafa
Patryk Edel
Þórður Guðlaugsson
Grímur Ólafsson

HR
Haukur Ingi Sigrúnar Jónsson
Haukur Hólm Gunnarsson
Jóhann Tómas Portal
Arnar Kári Matthíasson
Eva Ýr Bertelsdóttir
Ísak Máni Guðmundsson
Birgir Bragi Gunnþórsson



MARKAÐSSETNING

ÁHERSLUR OG MARKMIÐ

Í aðdraganda keppninnar var lögð áhersla á að ná til sem flestra háskólanema á landinu og bjóða þeim í vísindaferðirnar. Þar fór fram kynning á Gullegginu, nýsköpun og hvað það er sem felst í því að vera frumkvöðull. Einnig voru viðburðirnir hugsaðir sem vettvangur fyrir bakhjarla til þess að nálgast hópinn og kynna sína starfsemi.
Nemendafélög voru nýtt til að auglýsa vísindaferðir í gegnum póstlista og samfélagsmiðla, auglýst var á skjáum innan háskólanna og bæklingi um Gulleggið var dreift í skólana.

Í ár var einnig rík áhersla á markaðssetningu til aðila utan háskólanna. Haldinn var kynningarviðburður í Grósku sem bar titilinn "Gulleggið er fyrir öll og ömmu þeirra"

Að vísindaferðum loknum var áhersla lögð á skráningu í Masterclass Gulleggsins, kynna hann og hvetja sem flesta til þess að taka þátt. Því næst voru það teymin 10 sem komust áfram og kapp lagt í það að kynna þau sem best út á við. Að lokum var keppnin kynnt. Boðið var á viðburðinn en einnig fór keppnin fram í opnu streymi.
Markaðssetning fór fram í gegnum útvarpsviðtöl, auglýsingaskilti, vefborða og samfélagsmiðla.

Umfjallanir	Fréttamiðlar Blaðagreinar	Útvarp/Sjónvarp
18	14	4

KLAK Icelandic Startups

MARKAÐSSETNING

Vísindaferð

Vísindaferðir Gulleggsins voru ætlaðar háskólanemum óháð skóla. Tilgangurinn var að bjóða nemendum allra skólanna á sameiginlegan viðburð og kynna þá fyrir nýsköpun, frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi og Gullegginu.

Samfélags-miðlar

Samfélagsmiðlaherferð Gulleggsins beindist fyrst og fremst að Masterclass og lokakeppninni sjálfri. Einnig var markmiðið að vekja athygli á Gullegginu almennt og hafa keppnina sýnilega sem víðast.

Dæmi um miðla: Stöð 2, Bylgjan, Feykir, innherji.is, kaffid.is , visir.is, mbl.is, vb.is, feykir.is, 640.is

Umfjallanir

Gulleggið fékk um 18 umfjallanir í ár á yfir 10 miðlum samtals. Rík áhersla er lögð á að kynna topp 10 teymin og keppnina í gegnum umfjallanir.

Háskólar

Auglýsingar voru birtar á auglýsingaskiltum í nágrenni við háskólana og á vefborðum Vísis í aðdraganda Masterclass og fyrir sjálfa lokakeppnina. Tölvupóstar voru sendir í gegnum nemendafélög og var keppnin auglýst í gegnum þeirra samfélagsmiðla einnig. Auglýsingar voru birtar á skjáum inna skólanna samhliða samfélagsmiðlaherferð. Bæklingi um Gulleggið var dreift um háskólana.

KLAK Icelandic Startups

0.6 Selfoss

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

FORSÍÐA FRÉTTIR ÍÞRÓTTIR PISTLAR UMRÆÐAN FASTIR LIÐIR ATVINNA MYNDA

FRÉTTIR

27. september, 2024

KLAK- Icelandic Startups með kynningar á Suðurlandi



Veröld/Fólk | mbl | 28.10.2024 | 20:08 | Uppfært 29.10.2024 12:26

Háskólanemar kunna að skemmta sér



Háskólanemar fjölmenntu í teitið. Ljósmynd/Eygló Gísladóttir

Setja bókamerki

Ein stærsta vísindaferð Gulleggsins var haldin á þremur hæðum í Grósku og mættu fjölmargir háskólanemar til að taka þátt í fjörinu. Gulleggið er stærsta frumkvöðlakeppni landsins sem fram fer í febrúar.

Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir, fram

SUNNLENSKA.IS

Heim › Fréttir

Fréttir

Startup fundir á Selfossi og í Vík

28. september 2024 13:56



Fundurinn á Selfossi verður haldinn í Bankanum.

Næstkomandi mánudag heldur KLAK – Icelandic Sta



Sannkölluð nýsköpunarstemning á Strikinu

Ingólfur Stefánsson | 25. október 2024 11:36



Vísindaferð Gulleggsins

Opnað hefur verið fyrir skráningar í frumkvöðlakeppnina Gulleggið og svokölluð vísindaferð keppninnar stendur nú yfir í Grósku.

119 | 18. október 2024 | 18:43 | 01:50 | FRÉTTIR

Næst í







Misstu nákomna og ráku sig á veggi í kerfinu

Erna Niluka Njálsdóttir og Guðrún Heimisdóttir, stofnendur Hvað nú? lentu í 2.sæti í G

559 | 19. febrúar 2025 | 08:57 | 08:08 | BÍTIÐ

INNLENT 2. október 2024 15:51 Ritstjórn / ritstjorn@vb.is

Landsbankinn setur nær 2 milljónir í viðbót í Gulleggið

Landsbankinn hefur ákveðið að tvöfalda verðlaunafé fyrir efstu þrjú sæti Gulleggsins.



SeaGrowth, sigurvegarar Gulleggsins 2024, taka á móti verðlaunafé Landsbankans. Ljósmynd: Aðsend mynd

Deila

Gulleggið, stærsta frumkvöðlakeppni landsins, hefur verið haldin af KLAK-Icelandic Startups frá árinu 2008 og frá upphafi hefur Landsbankinn verið aðalbakhjarl keppninnar. Nú hefur Landsbankinn ákveðið að bæta enn frekar í og tvöfalda verðlaunafé

Bein útsending: Frumkvöðlar keppast um Gulleggið

Boði Logason skrifar 14. febrúar 2025 15:31



„Fullt af íslenskum fyrirtækjum í miklum vandræðum með þetta“

Rakel Sveinsdóttir skrifar 27. janúar 2025 07:03



Stefna á framleiðslu á kollagen munnpúðum

Elísabet Reynisdóttir, næringarfræðingur keppir í Gullegginu með áhugaverða hug...

mbl.is SMARTLAND MÖRTU MARÍU

Forsíða Viðskipti 200 mílur Íþróttir Enski boltinn Fólkið Smartland Matur Ferðalög Sporðaköst

Frægð Tíska Heimili og hönnun Heimilislíf Heilsa Samskipti Frami Samkvæmislífið Fjölskyldan Brúðkaup Pistlar Kynningar

Smartland Mörtu Maríu | Samkvæmislífið | mbl | 10.1.2025 | 16:25

„Það er ótrúlega verðmætt tækifæri“



mbl

Forsíða Viðskipti 200 mílur Íþróttir Enski boltinn Fólkið Smartland Matur Ferðalög Sporðakö

Frægð Tíska Heimili og hönnun Heimilislíf Heilsa Samskipti Frami Samkvæmislífið Fjölskyldan Brúðkaup Pis

Smartland Mörtu Maríu | Frami | mbl | 2.2.2025 | 16:00

Helstu frumkvöðlar landsins sýndu sig



Guðjón og Ómar Ingi unnu Gulleggið

Kolbeinn Tumi Daðason skrifar 17. febrúar 2025 10:55



Guðjón Ásmundsson og Ómar Ingi Halldórsson kynna SagaReg fyrir gestum í hátíðarsal Grósku. SUNNA HALLA EINARSDÓTTIR

Myndir: Viðburður Gulleggsins

Þann 17. desember sl. héldu KLAK – Icelandic Startups sérstakan viðburð tileinkaðan Gullegginu.




Hugverkastofan
17. febrúar ·
Allt að gerast í síðustu viku: Gulleggið, Framadagar og JA Iceland - Ungir frumkvöðlar
Stærsta frumkvöðlakeppni landsins
Gulleggið 2025
Hugverkastofan
Nýsköpunarsjóðurinn Kría · Fylgjast með
21. febrúar kl. 16:29 ·
Við óskum frumkvöðlunum í Sagareg innilega til hamingju með fyrsta sætið í G
Óskum einnig Hvað nú?, Samvís og Planda til hamingju og að sjálfsögðu Meni
heiðursverðlaun Gulleggsins 2025 fyrir framúrskarandi framlag sitt til íslensks
en þau tóku þátt í Gullegginu árið 2009. 👇
Stærsta frumkvöðlakeppni landsins
Gulleggið 2025
Orkusalan
392 followers
1mo • Edited •
Takk fyrir komuna á básinn okkar í vísindaferð Gulleggsins síðasta föstuda
...more
Show translation
orkusalan
16
Júlía Sóley Gísladóttir · 3rd+
Mechanical Engineer @ Oliudreifing | MSc Mechanical En...
1mo •
Síðasta föstudag tók ég þátt í Gullegginu. Frábær reynsla að vinna með öflugu teymi, fá endurgjöf frá sérfræðingum og kynnast öðrum hugmyndaríkum þátttakendum.
Takk KLAK - Icelandic Startups fyrir frábæra keppni!
#Gulleggið
Show translation
with Ingibjörg Sigurðardóttir
79
Like
Comme
Elísabet Reynisdóttir
7. febrúar ·
Þrautseigja - þrjóska - frábær hugmynd - trú á verkef
okkur í topp 10 þátttakendur í Gullegginu 2025
Rugl vinna framundan en vonandi skemmtileg síðan e
streymt.
Ég mun vissulega minna ykkur á keppnina þegar nær
Þigg alla góða strauma og lofa ykkur að þið fáið upply
fjötlega eða þegar við fáum leyfi til að birta hana.
mynd: sýnir hvernig síðustu mánuðir eru búnir að vera
https://gulleggid.is
meniga_is
eppni
KLAK
20
meniga_is Það var einstaklega gaman á föstudaginn en
þá fengum við í Meniga heiðursverðlaun á lokakeppni
Gulleggsins! 🌟... more
hauksii and johanntom
hauksii Tryggðum okkur þriðja sætið í Gullegginu og
tókum líka verðlaun fyrir bestu háskólalausnina! 🔥...
177
15
Einstaklingar
Fyrirtæki
Markaðurinn
Umræðan
Bankinn
Netbankar
Fréttir
Sagareg er sigurvegari Gulleggsins
19. febrúar ·
Við mættum hér í morgun.
Þakklátar fyrir hlustunina, áhugann og stuðninginn ❤️
Hlýjar kveðjur
Hvað nú?
VISIR.IS
Misstu nákomna og ráku sig á veggi í kerfinu - Vísi
Erna Niluka Njálsdóttir og Guðrún Heimisdóttir, stofnendur
20
Bala Kamallakharan · 2nd
Founder Startup Iceland Founder and Managing Director ...
1mo •
Follow
Iceland has all the launchpads for students to work on building their future. We have systematically built up activities that empower anyone to start and build startups, the Golden Egg is one of events and kicks off the year. Hats off to the team Jenna Bjork Gudmundsdottir and other members of KLAK - Icelandic startups, one cannot be more optimistic about what is being built from Iceland to the world and we are starting them young just like we did with Football and other sports #Aframsland #startupiceland #founders #gulleggið
Jenna Bjork Gudmundsdottir · 2nd
Project manager at KLAK
1mo •
Follow
Ég er stolt af því að stýra Gullegginu í ár, sem er stærsta nýsköpunarkeppni landsins og hefur verið stökkpallur fyrir fjölmörg glæsileg íslensk fyrirtæki 💥 ...more
Show translation
Ég verð með erindi á Masterclass Gulleggsins
Kynning á KLAK - Icelandic Startups & lyftukynningar
Jenna Björk Guðmundsdóttir
Brynja Bjarnadóttir
12. febrúar ·
Ég og Kristín Hildur Ragnarsdóttir elskum að vinna saman svo í þetta skiptið skráðum við ok
í Gulleggið og komumst í top 10 💥
Okkur þætti því svo vænt um ef þið mynduð kjósa okkur sem vinsælasta teymið - SamFam ✨
Kjósa hér: https://innovote.io/gulleggi-2025-vinsla
ORGANIC MARKETING
SamFam
Björk Gunnarsdóttir
12. febrúar ·
Planda, startup-hugmyndin okkar komst í top 10 í Gullegginu sem er stærsta frumkvöðlakeppni landsins! 😍
Það er kosning um vinsælasta teymið og mér þætti mjög vænt um ef þið mynduð styðja okkur með því að opna linkinn, setja inn netfang og kjósa svo PLANDA:
https://www.innovote.io/gulleggi-2025-vinsla/register
Aðalkeppnin fer svo fram á föstudaginn í Grósku kl 16. og hún verður líka í beinu streymi frá Vísi.
Haukur Ingi S. Jónsson · 2nd
Entrepreneur | Student & Researcher @ Reykjavik Univer...
3w •
Follow
🏆 3rd Place in the Golden Egg 🏆
I'm incredibly honored to announce that my team and I secured 3rd ...more
KLAK
Háskóli Íslands · Fylgjast með
27. febrúar kl. 15:30 ·
NEMI Í HÍ SIGRAÐI Í GULLEGGINU
Ómar Ingi Halldórsson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslan
frumkvöðlakeppninni Gullegginu ásamt meðstofnanda sínum, Guðjóni Ásmu
dögunum. Þeir vinna að gervigreindarlausn sem hefur það að markmiði auðv
lyfjafyrirtækjum að útbúa umsókn um markaðsleyfi fyrir lyf.
Ómar, sem útskrifast frá Háskóla Íslands í vor, hefur nýtt tækifærin sem bjóð
vel og bæði farið í skiptinám og sumarnám í virta erlenda háskóla á vegum s
við Stanford-háskóla nýttist honum afar vel þegar kom að þróun vinningshu
Gullegginu.
https://hi.is/.../sigradi_i_gullegginu_med_lausn_sem...
Gulleggið
Moses Osabutey · 2nd
TECH GENIUS | SCIENCE | MULTIMEDIA
1mo •
Follow
Thrilled to share that my team, HuddleHop, made it to the Top 10 finalists of Gulleggið 2025, Iceland's biggest startup competition, organized by KLAK - Icelandic Startups ...more
+16
brynjaruns and 2 others
Gróska hugmyndahús
19-29
Young people aged 19-29 reported higher loneliness than older adults aged 65+
15
View likes
brynjaruns Gulleggið 2025 ✨📈
Top 10 og hlutum einnig þann heiður að vera vinsælasta teymið 🔥
Thorey V. Proppe (she/her) · 2nd
Founder & CEO at Alda | Avid adventurer
View my services
1mo •
Follow
Natalia Reynisdottir · 2nd
Biotech Project Manager
1mo •
What a weekend!
Show translation
KLAK - Icelandic Startups
4,695 followers
1mo •
The weekend schedule is here—let's make it unforgettable! 🚀✨
#Masterclass Gulleggsins ...more
MASTERCLASS DAGSKRÁ
GULLEGGIÐ
DAGUR 0 - FÖSTUDAGUR 24. JANÚAR
with Petur Orri Saemundsen and 13 others
Kolfinna Kristinardóttir and 20 others
Like
Comment
Repost
ragga.ladylava
Rampa · Sunday
THE ONLY LIVE LAVA SHOW IN THE WORLD
80
2
2

KLAK Icelandic Startups

SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Skráning í Masterclass



Fjöldi gesta á viðburðum

KLAK Icelandic Startups

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Markmið herferða

Smellir á vefsíðu	Dreifing á markaðsefni	Þátttaka í Gullegginu

Facebook & Instagram

Náð til	Smellir	Birtingar
547,743	6,093	1,900,436

Kynjahlutfall



Í heildina var náð til 547,743 einstaklinga. Hér er átt við like, comment, views, smelli og fl.



Aldurskipting

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Bakhjarla



100% þeirra bakhjarla sem svöruðu könnuninni fannst Gulleggið mæta væntingum sínum vel eða mjög vel

Hvaða væntingar hafðir þú til keppninnar sem bakhjarl Gulleggsins?

- Ég vonaðist til þess að við fengjum að fylgjast með gangi mála í Gullegginu. Að við fengjum eitthvað exposure í kringum aðdraganda Gulleggsins og að við værum í góðu sambandi við Klak teymið.
- Að styðja við verðugt verkefni og fá smá sýnileika í tengslum við það.
- Meiri þátttaka háskólanema.
- Sem bakhjarl verkefnisins hafði ég væntingar um að verkefnið yrði unnið á skipulegan hátt, með góðri verkefnastjórn og að haldið væri vel utan um ferlið.
- Sýnileika og gott áframhaldandi samstarf með KLAK
- Ég hafði óljósar væntingar, þar sem ég var að koma að verkefninu í fyrsta sinn fyrir hönd míns vinnustaðar. en þær voru helstar að Gulleggið væri góður vettvangur fyrir málefni nýsköpunar hér.
- Við erum fyrst og fremst að styrkja Gulleggið til að styrkja nýsköpunarsenuna á Íslandi og nýsköpunarhugsun í samfélaginu. Gulleggið er ofarlega í huga almennings þegar kemur sprotafyrirtækjum og nýsköpunarhugmyndum. Væntingarnar okkar eru því aðallega að keppnin haldi gæðum og fái áfram góða athygli og það hefur gengið eftir :). Einnig finnst okkur gott að samskipti séu skýr og tímanleg og að væntingar um aðkomu okkar séu skýrar beggja megin borðs. Það er líka í góðum málum. Þannig frá okkar sjónarhóli stóðust allar væntingar.

Viðhorfskönnun bakhjarla miðað við 10 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Bakhjarla



Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi hluta Gulleggsins?

Viðhorfskönnun bakhjarla miðað við 10 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Bakhjarla

Var eitthvað sem ykkur fannst sérstaklega vel heppnað?

- Megum við segja verðlaunagripurinn nýji? En að öllu gríni slepptu held ég að þetta hafi allt verið uppá 10 hjá ykkur. Ég á allavega erfitt með að finna eitthvað til sem hefði mátt betur fara.
- Frábært að verðlauna Meniga
- Lokadagurinn mjög flottur.
- Mér fannst lokaviðburðurinn mjög flottur og vel heppnaður í alla staði.
- Ég kann alltaf að meta góð og skýr samskipti og í ár fannst mér það virkilega vel gert, betur en áður
- Vinna dómnefndar var mjög þægileg og vel skipulögð.
- Vel skipulagðir viðburðir
- Allt flott
- Mér finnst vísindaferðirnar skemmtilega framkvæmdar og gott að hafa tæknistuðninga á staðnum og ykkar fólk alltaf frábært að sjálfsögðu.
- Við vorum aðeins með viðveru á Vísindaferð og það gekk vel.

Er eitthvað sem þið hefðuð viljað sjá öðruvísi framkvæmt?

- Nei
- Því miður missti af lokaviðburðinum sjálfum. En það sem ég upplifði fannst mér mjög gott. Mér fannst það frábær hugmynd að vera með hugmyndahraðhlaup.
- Nei, allt upp á 10
- Ekkert sem mér dettur í hug
- Kannski bara eitt smáatriði. Við erum ekki í þessu til að fá mikla athygli á okkur, en það er samt gaman að eiga myndir af básnum sínum á vísindaferðinni og af fólkinu okkar sem mannar hann. Þið mættuð kannski passa að ljósmyndarinn fái leiðbeiningar um að ná allavega nokkrum myndum af hverjum bás hjá bakhjörlunum sem mæta og helst að reyna að ná mynd af hópnum sem mannar básinn, held að það myndi gleðja alla bakhjarla.
- Tímasetning viðburða í byrjun árs var aðeins erfið.

Viðhorfskönnun bakhjarla miðað við 10 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Masterclass

Hvernig heyrðir þú af Gullegginu?



Þátttaka í Masterclass, aukið tengslanet og það að fá rýni á hugmyndina sína voru þeir þættir sem þátttakendur töldu skipta sig mestu máli. Einnig töldu þátttakendur Gulleggið gefa hugmyndinni ákveðinn gæðastimpil og opna á tengsl inn í frumkvöðlasenuna.



95,6% þátttakenda fannst Gulleggið hafa mætt væntingum sínum vel eða mjög vel

Viðhorfskönnun Masterclass miðað við 23 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Masterclass



Hversu vel undirbúinn fannst þér þú vera til þess að útbúa eftirfarandi liði í 10 glæru pitch deck?



Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti Masterclass?

Viðhorfskönnun Masterclass miðað við 23 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Topp 10



Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti keppninnar eftir að þú komst í topp 10?

Viðhorfskönnun Topp 10 miðað við 16 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Topp 10

Tilvitnanir frá þátttakendum topp 10

- Frábært fólk, frábær reynsla. Virkilega gaman að taka þátt og kynnast fleira fólki í startup heiminum á Íslandi.
- Gulleggið er ekki bara ein keppni og tvær vísindaferðir, heldur er það svo mun meira. Ráðgjöfin og yfirhöfuð kennslan sem fæst í prógrammi Gulleggsins er einfaldlega framúrskarandi.
- Að taka þátt í Gullegginu var ótrúlega skemmtilegt og veitti mér dýrmæta innsýn inn í heim frumkvöðla. Ég öðlaðist djúpa þekkingu á þróun hugmynda og ferlinu sem því fylgir auk þess fékk ég tækifæri til þess að mynda dýrmæt tengsl.
- "Moving to Iceland was a leap into the unknown, but participating in Gulleggið made it one of the best experiences of my life."
- Annað sem ég vildi koma fram er að gera meira fyrir háskólanema. Gulleggið var háskóla keppni en ekki lengur. Það er ofsalega erfitt að keppa á móti fólk sem er með 25 ára reynslu í bransanum þegar ég hef ekki einusinni lifað í 25 ár.

Viðhorfskönnun Topp 10 miðað við 16 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI

Viðhorfskönnun Topp 10

Hvaða væntingar hafðir þú til Gulleggsins og þátttöku þinnar þar?

- Ég hef almennt mikla trú á hröðlum en Gulleggið er auðvitað í sérflokki þannig að ég bjóst alveg við miklu.
- Háar, bjóst við miklum lærdómi og meiriháttar kennslu.
- Að það myndi vera þess virði að taka þátt fyrir kynningu, fræðslu og tengslanet að gera.
- Ég var ekki að búast við því að ferlið yrði svona lærdómsríkt
- Bjóst bara við að fá uppbyggilega gagnrýni á pitch deckið en enduðum á að komast inn sem var frábært
- Support for the initial ideation phase of our startup and it was supported well by Gulleggið
- Koma út úr því með reynslu, sambönd og með fullútbúna umsókn í fræið

Hversu líklegt er að þú mælir með því að taka þátt í Gullegginu við vin eða samstarfsfélaga á skalanum 0-10?



Hversu vel eða illa mætti Gulleggið væntingum þínum?



Viðhorfskönnun topp 10 miðað við 16 svör

KLAK Icelandic Startups

TÖLFRÆÐI
NPS skor

Bakhjarlar



NPS skor

Hversu líklegt er að þú myndir mæla með samstarfi við KLAK - Icelandic Startups á skalanum 0-10?

Viðhorfskönnun bakhjarla miðað við 10 svör

Masterclass



NPS skor

Hversu líklegt er að þú myndir mæla með því að taka þátt í Masterclass Gulleggsins við vin eða samstarfsfélaga á skalanum 0-10?

Viðhorfskönnun Masterclass miðað við 23 svör

Topp 10



NPS skor

Hversu líklegt er að þú myndir mæla með því að taka þátt í Gullegginu við vin eða samstarfsfélaga á skalanum 0-10?

Viðhorfskönnun Topp 10 miðað við 16 svör

NPS meðmælaskor er aðferðafræði sem mælir upplifun neytenda og gengur út á að auðkenna þá sem eru hvetjendur, hlutlausir eða letjendur

KLAK Icelandic Startups

BAKHJARLAR

Nýsköpunarsjóðurinn Kría

KPMG

Ungir frumkvöðlar JA Iceland
Félagi í alþjóðasamtökum JA

Hug verka stofan

Coca-Cola EUROPACIFIC PARTNERS

Crowberry CAPITAL

Háskólinn á Akureyri University of Akureyri

HÉÐINN

FRUMTAK VENTURES

JBT Marel

Tækniþróunarsjóður

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

ÖSSUR
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

BRUNNUR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

gróska

Reykjavík

HÁSKÓLI ÍSLANDS

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

.or:go.

orkusalan

SI Samtök iðnaðarins


KLAK Icelandic Startups
Stærsta frumkvöðlakeppni landsins
Gulleggið 2025
KLAK Icelandic Startups
TAKK FYRIR OKKUR!
2. sæti: 1.000.000 kr.
Gulleggið 2025
PLAY
GULLEGGIÐ
Gulleggið
PLAY
1. sæti: 2.000.000 kr.
Gulleggið 2025
VISA
VISA
Samtök iðnaðarins
.or!go.
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
Nýsköpunarsjóðurinn
Kría
HÁSKÓLI ÍSLANDS

LOKASAMANTEKT

28. MAÍ 2025

Hringiða

Powered by KLAK

Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Reykjavík

SI Samtök iðnaðarins

Orkuveitan

terra

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports

Hringiða+

Hlutverk Hringiðu+ er að stuðla að því að á Íslandi dafni öflug sprotafyrirtæki sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, skapi verðmæt og áhugaverð störf og skili árangri í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi. Markmið hraðalsins er jafnframt að þátttakendur verði í lokin í stakk búin að sækja um styrki og fjármögnun bæði hérlendis og erlendis.

Viðskiptahraðallinn Hringiða hefur verið haldinn árlega frá árinu 2021. Þetta árið voru sjö teymi valin til þátttöku sem vinna að afar fjölbreyttum lausnum. Viðfangsefnin eru allt frá plöntumiðuðu heilsufæði yfir í orkuöflun, nýsköpun í veiðarfærum og umhverfisvæna ferðamáta.

Dagskrá hraðalsins fól m.a. í sér, fyrirlestra og hraðstefnumót með fjárfestum og sérfræðingum úr atvinnulífinu, vinnustofur um fjölbreytt málefni á borð við markaðssetningu, aðgerðaráætlanir, hugverkaréttindi og fjölbreyttar fjármögnunarleiðir. Teymin hafa svo einnig fundað með sérvöldum hópi KLAK VMS mentora með það að markmiði að betrumbæta sprotafyrirtækin sín.



Umfang 2025



63% 37%

19

Þátttakendur



5

Viðburðir

27 + **7**

Fyrirlestrar & vinnustofur

IBMS fyrirlestrar & vinnustofur



7

Teymi



62% 38%

21

Mentorar

Mentorafundir

14 + **14**

Yfir hraðal

Eftir hraðal

Markaðsstarf



Markaðsstarf

Settar voru upp markaðsherferðir í þremur fösum.

Fasi 1: Umsóknir

- Kynningarviðburður í upphafi umsóknartímabils
- Mikilvægar dagsetningar
  - Umsóknarfrestur
  - Framlengdur umsóknarfrestur

Fasi 2: Sýnileiki hraðalsins og teymanna

- Umfjallanir um teymi
- Hringiðuhádegi
- Prosecco & Pitch viðburður

Fasi 3: Lok Hringiðu+

- Lokaður viðburður í Hörpu
- Umfjallanir um teymi



Birtingar

- Einstaklingar sem fengu auglýsingarnar: **417.158 manns**
- Heildarfjöldi birtinga: **2.062.003 birtingar**
- Alls smellt á kostaðar auglýsingar á Facebook og Instagram: **15.367 skipti**
- **17 umfjallanir** birtust um Hringiðu í fjölbreyttum fjölmiðlum

Fjölmiðlaumfjöllun

Alls birtust 17 umfjallanir tengdar Hringiðu í fjölmiðlum

Fréttir

Fjármögnun nýsköpunar hefur ekki dregist eins mikið saman á Íslandi



„25 af þeim 32 fyrirtækjum sem tekið hafa þátt í Hringiðu eru enn þá starfandi í dag og hafa þau sótt á annan milljarð í fjármögnun frá styrktar fjárfestum,“segir Ísey Dísa Hávarsdóttir, verkefnastjóri hjá KLAK – Icelandic startups. MYND: KLAK

Stefna að því að opna deiliþjónustu bílferða fljótlega

Rakel Sveinsdóttir skrifar 29. maí 2025 07:01



Stofnendur HuddleHop; Anoop A Nair, Ahmad Iftikhar Khan og Moses Osabutey sem stefna að því að opna deiliþjónustu bílferða fljótlega. Fólk getur þá tengst í gegnum app eða vefsíðu og skipulagt að vera samferða í einum bíl. VÍSIR/ANTON BRINK

Í Elliðárstöð Orkuveitunnar var líf og fjör er viðburðurinn Prosecco & pitch fór fram 9. apríl. Þátttakendur í Hringiðu+ kynntu hugmyndir sínar fyrir gestum á aðeins 90 sekúndum.

Stemningin var sérlega góð í glæsilegu viðburðarrými Orkuveitunnar og dagskrárstjóri var skemmtikrafturinn Steiney Skúladóttir. DJ Dóra Júlía þeytti skífum á meðan gestir gæddu sér á léttum veitingum, eftir að kynningum lauk.

Líkt og fram kemur í tilkynningu frá Klak er Hringiða viðskiptahraðall sem styður við nýsköpunarfyrirtæki sem vinna að grænum lausnum. Hlutverk Hringiðu+ er að styðja við þróun öflugra fyrirtækja sem skapa verðmæt störf og skila árangri í umhverfis- og loftslagsmálum.

Þátttakendur að þessu sinni voru Haf-Afl, HuddleHop, Loki Foods, Optitog ehf., Svepparíkið, Þarahrat og Timber Recycling.



jörnsdóttir frá Orkuveitunni. *Ljósmynd/Eygló Gísladóttir*



Teymin sem taka þátt í Hringiðu í ár

Sjö teymi munu taka þátt í viðskiptahraðlinum Hringiðu í ár.



Hraðallinn mun standa yfir í 8 vikur og munu teymin fá handleiðslu frá sérfræðingum í atvinnulífinu.

Ljósmynd: Sunna Halla Einarsdóttir

Smartland Mörtu Maríu | Samkvæmislífið | mbl | 15.4.2025 | 13:30

Steiney Skúla í góðum félagsskap



astjóri Hringiðu, Steiney Skúladóttir og Kolfinna Kristínardóttir verkefnastjóri hjá Klak. *Ljósmynd/Eygló Gísladóttir*

Orkuveitan · Fylgjast með
11. nóvember 2024 ·

♻️🌱Orkuveitan hefur nú gengið til samstarfs við KLAK - Icelandic Startups til að verða einn af bakhjörlum viðskiptahraðalsins Hringiðu. Markmið Hringiðu er að stuðla að ... **Sjá meira**



ORKUVEITAN.IS
Orkuveitan styður við hringrásarhagkerfi með Hringiðu
Orkuveitan hefur nú gengið til samstarfs við KLAK – Icelandic Startups til að verða einn af b...



Hringrásin: „Ég er með blæti fyrir gömlu timbri“

Rakel Sveinsdóttir skrifar 28. maí 2025 07:00



Högni Stefán Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Artic Plank, smiður og dúkari, var í mörg ár að gera tilraunir til að endurvinna timbur þannig að það yrði á ný hágæðaefni. Sem tókst og nú er ætlunin að skala starfsemina upp; Fyrst fyrir Ísland og síðan út í heim VÍSIR/ANTON BRINK

Fyrsti viðburðurinn í nýrri gestastofu



Viðburðurinn Prosecco og pitch fór fram í nýrri gestastofu Elliðaárstöðvar og heppnaðist einstaklega vel.



Andi nýsköpunar og þekkingarleitar í Vestmannaeyjum

Fljótandi orkustöðvar með allt að 500 kW raforkuframleiðslu úr öldunni

Það svífur andi nýsköpunar og þekkingarleitar yfir Vestmannaeyjum þessi dægrin. Þekkingarsetur Vestmannaeyjum stendur að rannsóknum á veiðum og vinnslu á rauðátu sem og gildruveiðum á þorski. Í löngu er framleitt kollagen úr fiskroði og verið er að reisa eina stærstu og fullkomnustu landeldisstöð fyrir lax. Nýjasta viðbótin er fyrirtækið Haf-Afl sem vinnur að undirbúningi og frumhönnun ölduorkugarða við Vestmannaeyjar.



Guðjón Guðmundsson

Haf-Afl er fyrirtæki sem vinnur að nýtingu ölduorku við Íslandsstrendur til að skapa stöðuga og sjálfbæra orkulind fyrir framtíðina. Með fyrsta ölduorkugarðinum við Vestmannaeyjar stefnir Haf-Afl að því að bæta orkuöryggi og styðja við græn orkuskipti á Íslandi. Þetta er nýr áfangi í þróun sjávarorku hérlendis.

Haf-Afl hefur nýlega farið í gegnum viðskiptahraðalinn Hringiðu+ sem er fyrir grænar lausnir, sem hefur umhverfis- og loftslagsmál í brennidepli með fókus á hringrásarhagkerfið. Hringiða+ er hluti af KLAK sem er nýsköpunarmiðstöð.

Samstarf við norskan aðila

Að baki verkefninu standa hjónin Eyrún Stefánsdóttir og Eyvar Geirsson, sem bæði eru frá Vestmannaeyjum, og Dagnýju Hauksdóttur. Undanfarin ár hafa þau Eyrún og Eyvar búið í Noregi. Þar starfaði Eyvar sem kafari og síðar verkefn- isstjóri hjá fyrirtækjum í olíu- og gasvinnslu í Norðursjó. Þau stóðu á ákveðnum tímamótum og vildu snúa sér að verkefnum sem gætu átt þátt í því að bæta heiminn. Eyvar hafði alveg frá unga aldri haft áhuga á öðrum lausnum við framleiðslu á raf-magni. Þau kynntu sér virkjun sjávarfalla og sjávarstrauma og rákust á ferðalagi sínu um þessa heima á lausn sem var á þróunarstigi í Noreg.

Efnt var til samstarfs við norskan tækniþróunaraðila um innleiðingu á tækninni. Sá aðili hefur fengið einkaleyfi fyrir tækninni og nú er unnið að rannsóknum sem taka

Einstakt ræktunarkerfi fyrir sælkerasveppi

– Hliðarstraumar frá matvælaframleiðslu notaðir til ræktunarinnar

Nýsköpunarfyrirtækið Svepparíkið hefur þróað einstakt ræktunarkerfi á heimsvísu til framleiðslu á sælkerasveppum.

Fyrirtækið stofnuðu þær Unnur Kolka Leifsdóttir og Nilsína Larsen Einarsdóttir árið 2022 eftir um tveggja ára undirbúningsvinnu þar sem þær viðuðu að sér mikilli þekkingu. Markmiðið var að búa til sjálfbært kerfi sem myndi hámarka auðlindanýtingu og lágmarka sóun með nýtingu á hráefni sem fellur til sem úrgangur frá matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Þrjár sveppategundir eru nú í framleiðslu; ljónsmakki, vinsæll sælkerasveppur með einkennandi útlit, asparsveppur með jarðar- og hnetukeim og einkennist af löngum stilkum og dökkum, brúnum hatti og kóngaostra, sem er vinsæll matsveppur með þykkum stilk og þunnum flötum hatti.

Einstakt á heimsvísu

„Við erum að hanna og þróa þetta ræktunarkerfi sem er einstakt á heimsvísu og svo framleiðum við sælkerasveppina sjálfar með því,“ segir Unnur Kolka

„Varðandi hráefnið sem við munum nýta til að rækta sveppina, horfum við til mjög fjölbreyttra hliðarstrauma og sinnum öflugu rannsóknar- og þróunarstarfi í tengslum við þá. Öll sú vinna byrjar á smáum skala og við erum að para saman sælkerasveppagen og mismunandi hliðarstrauma. Kortleggja hvaða sveppir geta brotið niður hvaða hliðarstrauma með sem bestum afköstum hvað varðar gæði, tíma og uppskeru.

Svepparíkið er í samstarfi við Te & kaffi um nýtingu kaffibaunahismis, sem fellur til við ristun kaffibauna, jarðarberjaræktanda um nýtingu á notaðri kókosmold og þá er hreint sag sótt til trésmíðaverkstæða,“ segir Unnur Kolka enn fremur.

Sjálfbær innlend matvælaframleiðsla

Alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir alvarlegum áskorunum eins og loftslagsbreytingum, stríðum og náttúruhamförum, sem ógna fæðuöryggi um allan heim. Brýn þörf er á sjálfbærum lausnum í matvælaframleiðslu og að styrkja hringrásarkerfi framleiðslunnar.

Sem svar við þessum vanda, og sérstaklega til að mæta þörfinni fyrir sjálfbæra innlenda matvælaframleiðslu, hefur Svepparíki unnið síðastliðin ár að þróun á kolefnisneikvæðu sjö þrepa ræktunarkerfi fyrir sælkerasveppi.

Ónýttir hliðarstraumar

Samstarf þeirra hefur leitt af sér metnaðarfullt ræktunarkerfi sem byggir á því að umbreyta hliðarstraumum frá matvælaiðnaði í hágæða sælkerasveppi. „Við höfum kynnt okkur mjög ítarlega möguleika á nýtingu hliðarstrauma til sælkerasveppaæktunar og athuganir okkar leitt í ljós að aðgangur að lífbrjótanlegum úrgangi, sem nýta má við sælkerasveppaæktun í stað þess að urða eða brenna, er mikill hér á landi,“ segir Unnur Kolka.

Frá stofnun fyrirtækisins hefur ræktunin verið sköluð upp ásamt því sem aðstaða hefur verið byggð upp með búnaði til ræktunar í Hafnarfirði. Þær leggja áherslu á að þróa snjallvætt sælkerasveppaæktunarkerfi sem leysir vandamál við hefðbundna ræktun, stuðlar að betri orkunotkun og sjálfbærni við sælkerasveppaæktun.



Frumkvöðlarnir Unnur Kolka Leifsdóttir og Nilsína Larsen Einarsdóttir eiga og reka Svepparíkið. Mynd / aðsent

Byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins

Ræktunarkerfið byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins þar sem ekkert fer til spillis og öll ferli eru hönnuð með því markmiði að skila sem mestum gæðum með sem minnstum umhverfisáhrifum. „Kerfið okkar er ný nálgun á þekkt ferli við svepparæktun sem alla jafna eru fjögur þrep. Ræktunarkerfið bætir við nýjum þrepum, eins og kaldræktun og nákvæmri kortlagningu lífsferils sveppa og hæfileikum þeirra til niðurbrots á lífrænu efni sem má finna í hliðarstraumum matvælaiðnaðar og landbúnaðar. Kaldræktunaraðferð er sömuleiðis ný aðferð við svepparæktun og kallar fram einstakan vöxt, útlit, bragð og geymsluþol,“ segir Unnur Kolka.

Hún útskýrir að ræktunarkerfið leysi einnig af núverandi áskoranir varðandi hefðbundna sælkerasveppaækt á borð við úrgangsmyndun og sýkingar ásamt því að straumlínulaga flókið ræktunarferli með sjálfbærni í huga. Ræktunarkerfið verði þannig að stórum hluta sjálfvirkt og geti haldið utan um skráningu á hagstæðustu vaxtarskilyrðum sveppa í hverju þrepi fyrir sig sem skipti höfuðmáli við þróun ræktunaraðferða fyrir ólíkar tegundir sælkerasveppa og fullnýtingu hliðarstrauma. „Með þróun á þessu einstaka ræktunarkerfi ætlum við okkur að byggja upp skalanlega og hagkvæma ræktun íslenskra sælkerasveppa sem mætir óleystri og brýnni þörf á heima- og heimsmarkaði. Svepparíkið hlaut haustið 2024 Sprotastyrk frá Tækniþróunarsjóði til að þróa hugbúnaðarlausn og gagnagrunn ræktunarkerfisins og til að hanna og útfæra einingar til vinnslu sveppamassa í lífeldsneyti.

Í ræktunarkerfi Svepparíkisins mælist ekki kolefnisspor, í þeim skilningi að það bindur meira kolefni en það losar, auk þess að vera umhverfisvænt að öllu öðru leyti. Markmiðið er að byggja upp kerfi sem hægt er að skala upp og endurtaka í öðrum landshlutum á Íslandi og erlendis,“ segir Unnur Kolka.

Aukið hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu

Þær vonast til að geta lagt sitt lóð á vogarskálarnar við að auka hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu í íslenskum verslunum, sem er nokkuð undir 50 prósentum í dag.

„Sælkerasveppir geta uppfyllt þessa þörf að hluta og eru um leið mikilvæg viðbót sem sjálfbær, umhverfisvæn og holl matvara. Þetta er mun sjálfbærari framleiðsla en kjötframleiðsla; sveppirnir taka minna pláss, hægt er að rækta þá hraðar og á sama tíma þarf lágmarksnotkun á náttúruauðlindum. Vatnsmagn sem þarf til sælkerasveppaæktunar er líka meira en þúsund sinnum minna en til dæmis til ræktunar á nautakjöti. Sveppirnir geta sömuleiðis nærst alfarið á hliðarstraumum frá öðrum landbúnaði eða matvælaiðnaði og þurfa því ekki að keppa við afurðir til manneldis. Líklegt er að sveppir muni gegna lykilhlutverki við að leysa sívaxandi matarskort í heiminum og verða enn mikilvægari þáttur í umhverfisvænni matvælaframleiðslu,“ segir Unnur Kolka enn fremur.

Bragð af nautakjöti og skelfiski

Þær telja sælkerasveppi geta leikið lykilhlutverk í baráttunni við ofneyslu á kjöti og afleiðingum þess á lýðheilsu og loftslagið. Aukin framleiðsla á sælkerasveppum geti leitt til þess að neysla á kjöti minnki. Þeir séu hollir, einstaklega bragðgóðir, með djúpt umami bragð, og sé eftirsótt matvara um allan heim. Þeir séu ríkir af vítamínum og steinefnum sem annars megi aðallega finna í kjötvörum, eins og járni, B12-vítamíni og D-vítamíni, og henti því sérstaklega vel sem staðgengill fyrir kjöt.

Sem fyrr segir eru nú þrjár tegundir sælkerasveppa í framleiðslu sem að mestu leyti eru seldir í gegnum sælkeraklúbb sem Svepparíkið heldur úti. Bragði og áferð ljónsmakkans (e. Lion´s mane) hefur stundum verið líkt við krabbakjöt. Hann hafi mikla möguleika í matargerð, til dæmis sem staðgengill fyrir sjávarfang.

Nilsína segir asparsveppinn (Pioppino) nokkuð þekktan sælkerasvepp sem njóti sérstakra vinsælda á Ítalíu. Lyktin sé mikil, blómleg og áferðin er þétt og stökk, með jarð- og hnetutónum í bragði – og örlítið af sætum piparkeim.

Kóngaostra (e. King oyster) er vinsæll matsveppur og sú tegund ostrusvepps sem sé einna vinsælust í heimi – og jafnframt sú stærsta. Þeir eru fjölhæfir í matargerð og þá er hægt að grilla, baka og steikja – og bera fram sem meðlæti eða sem aðalrétt. Nilsína segir marga lýsa bragðinu sem líku nautakjöti, en aðrir sem bragði af hörpuskel. /smh



Bragði og áferð ljónsmakkans (e. *Lion´s mane*) hefur stundum verið líkt við krabbakjöt.





Asparsveppurinn (*Pioppino*) er nokkuð þekktur sælkerasveppur sem nýtur sérstakra vinsælda á Ítalíu.



Kóngaostra (e. *King oyster*) er vinsæll matsveppur og sú tegund ostrusvepps sem er einna vinsælust í heimi.

Nýsköpun:

Hugað að snjallari framtíðarmatvælum

– Forsvarsmenn Loka Foods þróa plöntumiðað skaðlaust fæði

Loki Foods framleiðir vörur sem líkjast kjöti og fiski úr grænmetisafurðum. Fyrirtækið hefur undanfarið tekið þátt í Hringiðuviðskiptahraðli.

Forsvarsmenn Loka Foods segja áherslu lagða á hrein hráefni, endurnýjanlega orku og næringu, til að þróa bragðgóð plöntumiðuð matvæli. Með sjálfbærni að leiðarljósi bjóði Loki upp á nýja valkosti fyrir neytendur og stuðli að þróun framtíðarinnar í matvælaframleiðslu.

Stofnendur fyrirtækisins eru faraldsfræði- og lýðheilsufræðingurinn Christopher McClure og Björn V. Aðalbjörnsson, dósent við matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands.

Christopher hefur lýst framtíð matvæla þannig að fólk muni áfram vilja sjávarfang, naut, kjúkling og mjólkurvörur en uppruni þessara matvæla verði að breytast því auðlindirnar sem fari í framleiðslu þeirra nú á dögum séu ekki sjálfbærar. Framtíð matvæla megi gróflega skipta í tvo til þrjá flokka, það er að segja plöntumiðaðan mat, gerjun og svo það sem ræktað er. Auðveldast sé að búa til eftirlíkingar úr plöntupróteini. Með því að framleiða slík matvæli megi minnka álag á vistkerfin, hvort heldur er á sjó eða landi.



Loki Foods framleiðir plöntumiðuð matvæli og ætla forsvarsmenn fyrirtækisins sér stóra hluti. Myndir / Loki Foods

Snjallari framtíðarmatvæli

Samuel Perella, frumkvöðull og markaðssérfræðingur, er einn forsvarsmanna Loka. Hann segir fyrirtækið ætla sér að gjörbylta því hvernig fólk borðar: „Að gera hollan, ljúffengan jurtamat ekki aðeins valkost, heldur augljóst val,“ segir hann. Loki eigi rætur að rekja til djarfrar hugmyndar frumkvöðla fyrirtækisins um vinnslu plöntumiðaðra matvæla árið 2023 og sl. tvö ár hafi verið unnið að „snjallari“ framtíðarmatvælum þar sem blandað sé saman nýsköpun og tilgangi í hverju skrefi. Og enn sé aðeins verið að hita upp.

„Matur ætti ekki að vera ruglingslegur, ekki einkaréttur eins né neins, né heldur skaða heilsu þína. Markmið okkar er að ryðja burt hvers



Christopher McClure.



Samuel Perella.

kyns ágiskunum – og sektarkennd – úr því að borða vel. Við erum að skora lélega næringu á hólm og bjóða í staðinn eftirsóknarverð matvæli sem eru hollari fyrir líkamann, peningaveskið og plánetuna. Í heimi fullum af röngum upplýsingum og dýrkeyptri vellíðan er okkur full alvara með að jafna aðstöðumun fólks með mat sem er alvöru eldsneyti fyrir alla,“ segir Samuel.

Fyrirtækið hefur, að hans sögn, þegar markaðssett fjölbreytt úrval af plöntumiðuðum matvælum sem standist ekki einungis væntingar heldur gott betur. „Samstarf okkar við helstu söluaðila, eins og Hagkaup og Bónus, þýðir að við hittum þig þar sem þú verslar,“ útskýrir hann.

Heiminn hungri í breytingar

Spáð er að alþjóðlegur plöntumiðaður próteinmarkaður muni ná 77,6 milljörðum dollara í ár, knúinn áfram af aukinni eftirspurn neytenda eftir sjálfbærum og hollum matvælum. Loki hefur fengið mikla athygli frá upphafi og var fyrirtækið til dæmis valið besti nýliðinn 2024 hjá Nordic Startup Awards. Samuel segir þó að vissulega sé gott brautargengi ekki án allra hnökra.

„Að hreyfa við rótgrónu matvælakerfi og halda verðinu niðri á meðan gæðunum er viðhaldið – það er okkar Everest,“ segir hann. Það sem hafi gengið best sé ástríðan fyrir verkefninu, fólkið sem að því vinnur og síðast en ekki síst tilgangurinn. Skriðþunginn sé þeirra megin, allt frá fjölbreyttri teymisvinnunni til gleðinnar yfir verkefninu sem slíku.

„Markmið okkar er í raun fagurlega einfalt: að gera hollan mat á viðráðanlegu verði að auðveldu, spennandi vali fyrir alla. Við erum ekki bara að setja á markað vörumerki heldur erum við að byggja upp hreyfingu. Eftir því sem við stækkum þá skerpist einbeitingin. Það sem byrjaði sem vöruþróun er nú algjör lífsstílsbreyting og heiminn hungrar í breytingar. Við tökum fagnandi á móti fleiri samstarfsaðilum, stækkum fyrirtækið eftir atvikum og látum hærra í okkur heyra,“ segir hann jafnframt.



Lokamarkmið eða endahnútur Loka sé þó hvergi í augsýn. „Þó að vegvísir okkar nái til ársins 2026 og fjárhagssýnin lengra en til ársins 2027, er hið raunverulega markmið mun stærra. Við viljum vera hér til langs tíma, halda áfram að þróast, vinna sleitulaust að nýsköpun og þjóna samfélögum með mat sem nærir bæði líkama og sál. Loki er ekki bara fyrirtæki heldur er það líka skuldbinding um varanlegar og bragðgóðar breytingar,“ segir Samuel enn fremur.

Fjölbreytt frystivara

Fyrir tveimur árum setti Loki á oddinn að markaðssetja plöntumiðaðar fisk-líkar afurðir og fékk 85 m.kr. fjárfestingarstyrk frá ýmsum aðilum, m.a. íslenska sjóðnum MGMT Ventures, VegInvest og Sustainable Food Ventures. Var um að ræða fiskisteik, að stofni til úr plöntum, sem líkist þorski og er með svipað næringarinnihald, bragð og áferð og fiskurinn.

Á vefsíðu Loka má sjá hvaða plöntumiðuðu fisk-líku matvæli fyrirtækið hefur þegar á boðstólum, þ.á m. krókettur, buff, fiskisteik, plokk (fisk) og bollur. Allt er þetta frystivara, m.a. unnin úr kartöflum og baunapróteinum. Á næsta ári er ætlunin að setja á markað t.d. nagga, svokallað kafta, fiskspjót, pylsur og hamborgara auk ýmissa sósa, m.a. úr tómötum og plönturótum.

Loki Foods er í Samtökum smáframleiðenda matvæla.

Hringiða er viðskiptahraðall fyrir grænar lausnir. Horft er til nýsköpunarverkefna sem með einum eða öðrum hætti stuðla að sjálfbærni og betri nýtingu, huga að umhverfis- og/eða loftslagsmálum eða hafa hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins að leiðarljósi. Hlutverk Hringiðu+ er að styðja við þróun öflugra fyrirtækja sem skapa verðmæt störf og skila árangri í umhverfis- og loftslagsmálum. Í ár voru sjö teymi valin til þátttöku í Hringiðu+ og er Loki Foods eitt þeirra. /sá

Ný byggingarefni í þróun úr þarahrati

Nýsköpunarverkefnið Þarahrat gengur út á að endurvinna lífrænan úrgang frá smáþörungaframleiðslu til þróunar og framleiðslu á efni sem getur haft fjölbreytta notkunarmöguleika, til að mynda í byggingariðnaði.

Verkefnið var tilefnt til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands á þessu ári, en það hefur verið í þróun frá sumri 2023 eftir að hafa fengið styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna þar sem markmiðið var að skapa ný verðmæti úr úrgangi.

Sólrún Arnarsdóttir og Ísafold Kristín Halldórsdóttir eru frumkvöðlarnir sem standa að Þarahrati og segir Sólrún að með því að nýta þessar úrgangsauðlindir í stað mengandi hráefna loki verkefnið hringrás staðbundins iðnaðar og skapi verðmæti. Þessi nýju efni séu vistvæn og framleiðsla þeirra með lítið kolefnisspor.

Loka hringrásarkerfinu við þörungaframleiðslu

Sólrún segir að urðun úrgangs sé stórt vandamál á Íslandi og á heimsvísu og mikilvægt sé að þróa lausnir núna sem hjálpi okkur að takast á við afleiðingar af neyslunni.

„Hugmyndin snýst um að breytt efnisval og framleiðsla geti minnkað eða komið í veg fyrir losun kolefnis, mengun jarðvegs og skaðleg inngrip í lífríki til þess að nálgast endanlegar auðlindir.

Í verkefninu könnum við möguleikann á því að loka hringrásarkerfinu með því að nýta vannýtta en óendanlega auðlind, sem í dag er úrgangur úr staðbundinni framleiðslu, til þess að þróa ný efni með margvíslega nýtingarmöguleika.

Grunnhráefnið er þurrt hrat sem fellur til hjá Algalíf í Grindavík, sem ræktar smáþörunga til framleiðslu á bætiefninu Astaxantín. Á ári hverju falla til um 70–95 tonn á ári af efninu, sem er jafnframt eini úrgangur framleiðslunnar,“ segir Sólrún.

Í stað einnota pakkninga

Að sögn Sólrúnar eru næstu skref að þróa efnin markvisst með ákveðna nýtingarmöguleika í huga til þess að leysa vandamál á borð við pakkningar, skaðleg efni í byggingariðnaði og tímabundnar innréttingar.

„Við erum enn þá á rannsóknarstigi í vöruþróun, en ætlum að fara í markaðsgreiningu áður en við ákveðum hvaða vörur við ætlum að þróa. Við ætlum ekki bara að takmarka okkur við úrganginn frá Algalíf, heldur leitum leiða til að koma fleiri tegundum af úrgangi í gagn. Við vonumst til að hefja samstarf við fleiri fyrirtæki og þróa fjölbreytt efni.

Við höfum verið að vinna verkefnið sjálfstætt en svo erum við núna að klára sex vikna viðskiptahraðal, Hringiðu+ hjá Klak, sem hefur hjálpað okkur mjög mikið.“ /smh



Sólrún Arnarsdóttir og Ísafold Kristín Halldórsdóttir eru frumkvöðlarnir sem standa að Þarahrati. Myndir / Aðsendar



Efnisprufur úr smiðju Þarahrats.

Freyr Eyjólfsson á meðal gesta Hringiðu



Heiða Björg Hilmisdóttir, Kjartan Ólafsson, Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir og Freyr Eyjólfsson. Sams



mbl.is

Fjöldi fjárfesta, frumkvöðla og annarra úr viðskiptalífin
Hringiðu í Björtuloftum í Hörpu á miðvikudag í síðustu

Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjörnu-Sæv
sem fluttu ávarp var Heiða Björg Hilmisdóttir borgarst
miðlamaðurinn Freyr Eyjólfsson, sem er starfandi verk
Eiríkur Sigurðsson, samskiptastjóri Hugverkastofnunar

Hraðallinn hefur staðið yfir undanfarnar vikur á vegum
skeruhátíð þar sem nokkur framúrskarandi sprotafyrirtæki í grænni nýsköpun kynna verkefni
sín og afrakstur vinnu undanfarinna vikna, líkt og segir í tilkynningu.

Sælkerasveppir í einstöku hringrásarkerfi

Nýsköpunarfyrirtækið Svepparíkið hefur þróað einstakt ræktunarkerfi á heimsvísu til framleiðslu á sælkerasveppum. Eftir stækkun í sumar fer framleiðslugetan í tvö tonn á mánuði.

Fyrirtækið stofnuðu þær Unnur Kolka Leifsdóttir og Nilsína Larsen Einarsdóttir árið 2022 eftir um tveggja ára undirbúningsvinnu þar sem þær viðuðu að sér mikilli þekkingu. Sveppirnir fóru fyrst í sölu haustið 2023 í mjög takmörkuðu magni og hefur síðan verið meiri eftirspurn eftir þeim heldur en framboð. Árið 2024 réðust þær í stækkun á ræktunarkerfinu, sem er að ljúka núna í sumar, sem þýðir að framleiðslugeta fer úr 300 kílóum á mánuði upp í tvö tonn, auk þess sem boðið verður upp á fleiri tegundir sælkerasveppa en áður.

Ljónsmakki, asparsveppur og kóngaostra

Þrjár tegundir sveppa eru í ræktun hjá þeim í dag. Þeir finnast ekki villtir hér á landi en eru þekktir sem eftirsóttir sælkerasveppir víða um heim, sérstaklega í Asíu. Þetta eru ljónsmakki, asparsveppur og kóngaostra.

Ræktunarkerfið sem þær hafa þróað byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins, þar sem ekkert fer til spillis og öll ferli eru hönnuð með það að markmiði að skila hámarksgæðum með sem minnstum umhverfisáhrifum. Venjuleg ræktunarkerfi fyrir svepparæktun eru fjögurra þrepa en þeirra er sjö þrepa. Eitt af þeim þrepum sem bæst hafa við er kaldræktun, sem er ný aðferð við svepparæktun og kallar fram einstakan vöxt, útlit, bragð og geymsluþol, að þeirra sögn.

Sveigjanlegt ræktunarkerfi með stækkunarmöguleikum

Markmiðið með stofnun Svepparíkisins var að búa til sjálfbært kerfi sem myndi hámarka auðlindanýtingu en lágmarka sóun með nýtingu á hráefni sem fellur til sem úrgangur úr matvælaframleiðslu og landbúnaði.

Ræktunarkerfið leysir vandamál varðandi hefðbundna sælkerasveppaækt á borð við úrgangsmyndun og sýkingar ásamt því að straumlínulaga flókið ræktunarferli með sjálfbærni í huga. Það verði þannig að stórum hluta sjálfvirkt, skráir og heldur utan um hagstæðustu vaxtarskilyrði sveppa í hverju þrepi fyrir sig sem skipti höfuðmáli við þróun ræktunaraðferða fyrir ólíkar tegundir sælkerasveppa og fullnýtingu hliðarstrauma.

Með þróun á þessu ræktunarkerfi ætla þær sér að byggja upp sveigjanlega ræktun sem hægt sé að stækka enn frekar. Markmiðið er að byggja upp kerfi sem hægt sé að setja upp í öðrum landshlutum á Íslandi og erlendis.

Þær telja að mikilvægi sveppa sem matvæla eigi eftir að aukast enn frekar og geti leikið lykilhlutverk til framtíðar litið við að mæta sívaxandi vandamálum sem tengjast matarskorti í heiminum. Sveppirnir geti nærst alfarið á hliðarstraumum sem eru vannýttir í dag og þeir séu ríkir af vítamínum og steinefnum. /smh

Sjá nánari umfjöllun á blaðsíðu 4.

Markaðsstarf - Grafík



















Samanburður

Samanburður var gerður á birtingartölum milli áranna 2024 og 2025.

2025

- **417.158** - Einstaklingar sem fengu auglýsingarnar.
- **2.062.003** - Heildarfjöldi birtinga.
- **15.367** - Alls smellt á kostaðar auglýsingar á Facebook og Instagram.

2024

- **427.184** - Einstaklingar sem fengu auglýsingarnar.
- **1.834.453** - Heildarfjöldi birtinga.
- **17.314** - Alls smellt á kostaðar auglýsingar á Facebook og Instagram.



Árangur Hringiðuteyma eftir þátttöku í hraðlinum

32 af 38 fyrirtækjum sem tekið hafa tekið þátt í Hringiðu eru ennþá starfandi !

Teymin hafa samtals safnað á annan milljarð króna frá styrktarsjóðum og fjárfestum!

- Styrkir: 531.350.770 ISK
- Frá fjárfestum: 773.744.000 ISK

Samtals: 1.305.094,770 ISK

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni um þau fyrirtæki sem fóru í gegnum hraðalinn árin 2021, 2022 og 2023 er samanlagður **fjöldi launþega 41** og samanlagðar **rekstrartekjur 599.305.562 ISK.**
Því má segja að áhrif teyma sem taka þátt í Hringiðu á íslenskt samfélag séu umtalsverð.

Umsóknir og teymi



Tölfræði umsókna

24

Umsækjendur

42% 58%

11

Teymi

Staða verkefna á TRL þróunarskalanum

4+



Þátttakendur

19

Einstaklingar

63% 37%

7

Teymi



Teymin 2025



Svepparíkið

Svepparíkið er nýsköpunarfyrirtæki sem umbreytir lífrænum úrgangi í hágæða sælkerasveppi. Með snjallstýrðu ræktunarkerfi sem hámarkar auðlindanýtingu og lágmarkar sóun, nýtir Svepparíkið hliðarafurðir matvælaiðnaðarins til að skapa sjálfbæra og stöðuga sælkerasveppaframleiðslu. Þetta hringrásarkerfi tryggir að ekkert fari til spillis og skilar næringarríkum afurðum á markað.



Þarahrat

Þarahrat vinnur að þróun sjálfbærra byggingarefna úr lífrænum iðnaðarúrgangi frá smáþörungaframleiðslu. Með því að nýta þessar auðlindir í stað mengandi efna lokar verkefnið hringrás staðbundins iðnaðar og skapar verðmæti úr úrgangi. Þessi nýju efni eru vistvæn, kolefnislág og hafa fjölbreytta notkunarmöguleika í byggingariðnaði.



Optitog

Optitog þróar og leigir út sérhæfðan búnað sem eykur aflameðhöndlun í togurum og gerir veiðar skilvirkari. Með hátæknilausnum sem standast kröfur um harðneskjulegt umhverfi sjávarútvegsins hjálpar Optitog við að hámarka aflann, draga úr umhverfisáhrifum og bæta rekstrarhagkvæmni útgerða um allan heim.



Loki Foods

Loki Foods leggur áherslu á hrein hráefni, endurnýjanlega orku og næringu til að þróa bragðgóð plöntumiðuð matvæli. Með sjálfbærni að leiðarljósi býður Loki Foods upp á nýja valkosti fyrir neytendur og stuðlar að þróun framtíðarinnar í matvælaframleiðslu.



HuddleHop

HuddleHop er snjöll lausn fyrir samnýtingu bílferða á Íslandi sem dregur úr ferðakostnaði og kolefnisspori. Með því að tengja farþega og ökumenn í gegnum notendavænan vef- og snjallforrit skapar HuddleHop hagkvæmari og umhverfisvænni samgöngumáta fyrir alla.



Haf-Afl

Haf-Afl vinnur að nýtingu ölduorku við Íslandsstrendur til að skapa stöðuga og sjálfbæra orkulind fyrir framtíðina. Með fyrstu ölduorkugarðinum við Vestmannaeyjar stefna þau að því að bæta orkuöryggi og styðja við grænn orkuskipti á Íslandi. Þetta er nýr áfangi í þróun sjávarorku hérlendis.



Timber Recycling

TRE endurvinnur timburúrgang og umbreytir honum í hágæða timbureiningar fyrir byggingariðnaðinn. Með því að nýta timbureiningar unnar úr úrgangstimbri í stað nýrra viðarefna stuðlar TRE að minni sóun, lægra kolefnisspori og sjálfbærari byggingarlausnum.

Samanburður

Borin voru saman töluleg gögn um fjölda umsókna milli ára frá því að Hringiða hófst árið 2021.
Umsóknum fækkaði aðeins frá árunum á undan en gæði umsókna voru mikil og engin umsókn ógild, ólíkt fyrri árum.

2025

11 Umsóknir

7 Teymi



63% 37%

2024

21 Umsóknir

9 Teymi



35% 65%

2023

19 Umsóknir

7 Teymi



50% 50%

2022

29 Umsóknir

7 Teymi



48% 52%

2021

31 Umsóknir

9 Teymi

7 teymi kláruðu hraðalinn



69% 31%

Uppbygging Hringiðu og endurgjöf teymanna

Í kjölfar Hringiðu+ var send út viðhorfskönnun til þátttakenda og var svarhlutfallið 100%

Skipulag Hringiðu+ eftir vikum

Hraðall hófst
17. mars



Staðsetning:
Gróska, Hvammsvík



Staðsetning:
Gróska, Grasagarðurinn



Staðsetning:
Gróska



Staðsetning:
Gróska, norræna húsið, Elliðaárstöð



Staðsetning:
Gróska, Hótel Holt



Staðsetning:
Gróska, Harpa

Hraðli lauk
7. maí



Hvernig heyrðir þú af Hringiðu?



Hvaða væntingar hafðir þú til Hringiðu áður en hraðallinn hófst?

From previous experience in other similar programs, my expectations were: A good mentor program, Lean canvas and jobs to be done (you go deeper each time), education about investors and different types of investments, focus on grant funding outside of Iceland and last but not least a healthy lunch!

Expected to get knowledge on the various aspects of the startup ecosystem

Learning how to raise capital and pitch our startup, as well as learning other business practices necessary for startups.

To learn more, connect and get more in depth conversations after DAFNA workshops. Be a part of the start up community and was really hopeful for the mentors and their advice

I had very limited because I lived abroad and had never heard of it before KLAK contacted us



Hvernig mætti hraðallinn væntingum þínum?



Viðhorfskönnun þátttakenda Hringiðu 2025

Hvað, ef eitthvað, breyttist frá upprunalegu áætluninni ykkar á meðan á Hringiðu+ hraðlinum stóð?



Viðhorfskönnun þátttakenda Hringiðu 2025

Hversu miklu máli skiptu eftirfarandi þættir þegar þú sóttir um í Hringiðu?



Viðhorfskönnun þátttakenda Hringiðu 2025



Fyrirlestrar & vinnustofur

Fyrirlestrar og vinnustofur

34

Fyrirlesarar

40% 60%

HVAÐA FYRIRLESTRAR OG VINNUSTOFUR STÓÐU UPP ÚR?

Jobs to be done og Viðskiptamódel
Magnús Ingi Óskarsson og Freyr Friðfinnsson

Kynningar og Framkomuþjálfun:
María Ellingsen, Sirrý Arnardóttir og Alma Dóra Ríkharðsdóttir

Markaðssetning:
Atli Björgvinsson

HVAÐA ERINDI HÖFÐUÐU EKKI TIL ÞÍN?

Hluthafasamkomulag
Yfirborðskennt þar sem málið er of flókið til að fjalla um í einni stuttri lotu.

Reynslusögur:
Reynslusögur frumkvöðla sem vinna að grænum lausnum

> I did enjoy most, but some topics I would have wanted more of.

Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti verkefnisins?



Viðhorfskönnun þátttakenda Hringiðu 2025

HVAÐ STÓÐ UPP ÚR VIÐ HRAÐALINN?



Framkomu- og kynningarþjálfun hjá Maríu Ellingsen



Hraðstefnumót við fjárfesta og hagaðila



Hluthafasamkomulag og Due diligence



Góður og stuðningsríkur andi í hópnum.

> The lectures where the whole group could engage and exchange experiences and ideas. I really learned a lot from the other startups,

> Feeling of being a part of something bigger than only one team

> Running a startup is really hard and time consuming, it felt really nourishing to get some downtime and meaningful conversations with both the other teams and KLAK team.

HVAÐ HÖFÐAÐI EKKI TIL ÞÍN? HVAÐ MÁ BETUR FARA?



IBMS tók mikinn tíma



Mikill tími í heimavinnu á milli vikna



Of margir staðir til þess að nálgast upplýsingarnar. Hefði mátt vera allt á einum stað



Reynslusögur frumkvöðla yfir hádegisverði - of mikið álag og áreiti



HVERSU ÁNÆGÐ/UR VARSTU MEÐ HRAÐALINN?



HVERSU LÍKLEGT ER AÐ ÞÚ MUNIR MÆLA MEÐ HRINGIÐU VIÐ AÐRA FRUMVÖÐLA



Viðhorfskönnun þátttakenda Hringiðu 2025

IBMS

Impact Business Modeling System

Impact Business Modeling System (IBMS) er námskeið sem kennt var sem hluti af Hringiðu í annað sinn.

Námskeiðið gengur út á að mæla, bæta og sýna fram á raunveruleg áhrif verkefna fyrirtækja sem vinna að sjálfbærum lausnum. Þeim er kennt að skilja rót vandamálsins sem þau eru að leysa, skilgreina áhrif þess, búa til kenningar, skoða réttar breytur og búa þannig til nákvæman mælikvarða á áhrif sín.

Námskeiðið fór fram á netinu og það samanstóð af fjórum fyrirlestrum og vinnustofum auk þriggja einkafunda sem hvert teymi fékk með með kennaranum. Öll teymin sóttu alla fyrirlestra og einkafundi í IBMS námskeiðinu.





Richard Engström
Stofnandi og kennari hjá IBMS

Impact Business Modeling System

Þátttakendur voru almennt mjög ánægðir með IBMS námskeiðið samkvæmt viðhorfskönnun Richards frá IBMS.

You think IBMS is useful in making your impact measurable.



You expect IBMS will have a positive effect on your communication with customers and investors.



You would suggest other impact startups to join a similar program.



Impact Business Modeling System

Ummæli þátttakenda úr viðhorfskönnun Richards frá IBMS

> The most valuable learning was understanding how to break down everything we already knew about our business and reorganize it in a way that truly benefits our company.

> IBMS helped us gain clarity and define our true impact, while also transforming the way we develop our products.”

> “I really think that the methodology of IBMS helped us to gain a better focus point on what it is we do and how we do it. Super important to have a clear vision on metrics to be able to do so. I feel very firm and grounded now when I start explaining to others.”

> I liked digging deep into the root causes to determine if our approach was taking it far enough, and where within our whole process there is still room for improvement.

Mentorar

KLAK VMS mentoraþjónustan

62% 38%

21

Mentor

Mentorafyrirkomulag KLAK - Icelandic Startups er byggt á hugmyndafræði MIT Venture Management Service sem hefur verið þróað í yfir tuttugu ár. Þar sitja tveir til fjórir mentorar saman á 90 mínútna löngum fundum með teymunum.

4 mentorafundir á hvert teymi

- 2 mentorafundir á tímabili Hringiðu
- 2 mentorafundir eftir Hringiðu

Hversu ánægð/ur varstu með mentorafundina?



Hversu mikil áhrif höfðu mentorafundirnir?



Hver var helsti lærdómurinn eftir mentorafundina?



Þekking á vöruþróun
og þörfum viðskiptavina (buyers persona)



Mikilvægi góðrar og
víðtækrar markaðssetningar



Aðstoð og leiðbeiningar við “pivoting”



Aðstoð við viðskiptamódelið

Mentorar



Björn Aðalsteinsson
ICEPHARMA



Haraldur Þorkelsson
EIMVERK



Helga Ósk Hlynsdóttir
SERIOUS BUSINESS



Eggert Claessen



Finnur Friðrik Einarsson
EPIENDO PHARMACEUTICALS



Sjöfn Sigurgísladóttir
LANDÁS



Gunnar Þorvaldsson
ÞORVALDS



Huld Magnúsdóttir
TRYGGINGASTOFNUN



Lukka Pálsdóttir
GREENFIT



Ása Karin Hólm
STRATAGEM



Björn Brynjar Jónsson
SMART GUESS



Pratik Kumar
APP DYNAMIC



Edda Sif Pind Aradóttir
CARBFIX



Eggert Benedikt Guðmundsson
FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ



Einar Mäntylä
AUÐNA TÆKNITORG



Kristinn Árni L. Hróbjartsson
RUNNING TIDE



Þóra Eggertsdóttir
ICELANDIA



Þorsteinn G. Gunnarsson
TG CONSULTING



Jón Georg Aðalsteinsson
ICE-CO



Ólöf Vigdís Ragnarsdóttir
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK



Ingvi Halldórsson
WISEFISH

VIÐBURÐIR







Viðburðir

Haldnir voru þrír opnir viðburðir yfir tímabilið með það að markmiði að auka sýnileika hraðalsins, efla tengslanet teymanna, æfa framkomu og kynna verkefnin. Einnig voru haldnir tveir lokaðir viðburðir.

- **Kynningarviðburður 22. janúar**
  - Gróska
  - Um 20 gestir
- **Hringiðuhádegi 26. mars**
  - Kaffi Flóra í Grasagarðinum
  - Um 50 gestir
- **Prosecco & Pitch 9. apríl**
  - Gestastofan í Elliðaárstöð
  - Birna frá Orkuveitunni og Erla Tinna frá SI héldu erindi
  - DJ Dóra Júlía þeytti skífum og og Steiney Skúla stýrði dagskránni
  - Um 60 gestir
- **Shark Tank 30. apríl**
  - Hótel Holt
  - Þrír hákarlar: Bergdís Helga Bjarnadóttir frá Umhverfisstofnun, Óskar Fannar Vilmundarson frá Brunni og Ragnheiður H. Magnúsdóttir gáfu endurgjöf
- **Lokadagur 7. maí**
  - Björtuloft í Hörpu
  - Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri og Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir héldu erindi
  - Sævar Helgi Bragason stýrði dagskránni
  - Um 90 gestir

Lokadagurinn 7. maí













VIÐHORFSKÖNNUN STÝRIHÓPS

Í kjölfar Hringiðu+ var send út viðhorfskönnun til stýrihóps
og var svarhlutfallið 44%

Stýrihópur Hringiðu 2025



Rósbjörg Jónsdóttir
Orkuklasinn



Kjartan Ingvarsson
Umhverfis-, orku- og loftslagsáðuneytið



Erla Tinna Stefánsdóttir
Samtök iðnaðarins



Nótt Thorberg
Grænvangur



Gunnar Tryggvason
Faxaflóahafnir



Birgitta Stefánsdóttir
Umhverfis- og orkustofnun |



Birna Bragadóttir
Orkuveitan



Arna Pálsdóttir
Orkuveitan



Guðbjörg Óskarsdóttir
Tæknisetur



Hulda Hallgrímsdóttir
Reykjavíkurborg



Anna Margrét Guðjónsdóttir
Evris



Eiríkur Sigurðsson
Hugverkastofa



Þór Sigfússon
Sjávarklasinn



Gróa Björg Baldursdóttir
Terra



Björg María Oddsdóttir
Rannís



Valdís Fjölnisdóttir
Breið

Hvaða væntingar hafðir þú sem bakhjarl til Hringiðu viðskiptahraðalsins?

> Að „finna“ og styrkja fyrirtæki sem eru með grænar lausnir sem eiga erindi á erlenda markaði

> Hvatning til lausna og framþróunar á sviði loftslagsmála og nýsköpunar

> Að kynnast fyrirtækjunum betur, kynna þjónustu okkar og kynnast öðrum bakhjörlum

> Miklar væntingar því ávallt verið framúrskarandi

Hversu vel eða illa mætti Hringiða væntingum þínum?



Hversu ánægð/ur varstu með einstaka þætti verkefnisins?



Er eitthvað sem ykkur fannst sérstaklega gott við verkefnið?

Lokaviðburðurinn var mjög flottur og flott umfjöllun um hann

Samskipti til stýrihóps til fyrirmyndar

Mjög fagmannlegt

Er eitthvað sem þið hefðuð viljað sjá öðruvísi framkvæmt?

Hefði viljað sjá meira um framvindu teymanna og meira markaðsefni.

Sjá örvideo í kynningum af þátttakendum. Oft erfitt fyrir aðra að átta sig á í stuttu máli hvað þátttakendur standa fyrir.

Enn og aftur þurfum við að hugsa leiðir hvernig hægt er að ná til góðra verkefna

Takk fyrir samstarfið



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Reykjavík

Samtök iðnaðarins

Orkuveitan

terra

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports



Hringiða

Keyrt af KLAK